

Ástin bæði falleg og ljót



Hákarl og aumingjaskapur



Lífið > 20

Lífið > 22

# FRÉTTABLAÐIÐ

54. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 18. MARS 2022



Úkraínskir hermenn sem létu lífið í árás Rússa á alþjóðlegu friðargæslu- og öryggismiðstöðina í Javoriv á sunnudaginn voru bornir til grafar í gær. Hér grætur móðir hermanna Ávans Skrijpníjks yfir kistu sonar síns við útförina í Lvív. Í árásinni létu 35 manns lífið og enn fleiri særðust. Tala hermanna sem hafa látist í innrásinni er óljós en reiknað er með að þeir skipti þúsundum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Skilur ákall um að vísa sendiherranum úr landi

Diplómatsk samskipti Íslands og Rússlands eru í lágmarki. Utanríkisráðherra segist skilja ákall um að vísa sendiherra Rússlands úr landi en ítrekar mikilvægi þess að halda í diplómatska þræði.

tsh@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra útilokar ekki að varnarviðbúnaður á vegum Atlantshafsbandalagsins verði aukinn hér á landi.

„Öll samskipti okkar við Rússland eru í algjöru lágmarki og við höfum stutt við allar tillögur sem hafa komið fram er snúa að því að

refsa rússneskum yfirvöldum á alþjóðavettvangi, hvort sem það eru viðskiptaþvinganir eða þátttaka í alþjóðasamstarfi,“ segir Þórdís Kolbrún sem var stödd í Brussel á varnarmálaráðherrafundi NATO í gær.

Eftir standi þó að á Íslandi, sem og í öðrum löndum, séu sendiherrar og sendiráð Rússlands enn á sínum stað. Háværar kröfur hafa heyrst frá almenningi um að vísa rússneska sendiherranum, Mikhaíl V. Noskov, úr landi en hann hefur reglulega endurómað staðhæfingar Rússlandsforseta um að innrásin í Úkraínu sé ekki stríð heldur aðeins sérstök hernaðaraðgerð.

„Ég heyri það og hef alveg skilning á því að fólk spyrji sig hvers vegna



Við höfum kallað hann inn í ráðuneytið oft en einu sinni og oft en tvisvar.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra

sendiherrann sé áfram á Íslandi. Mér finnst það mjög skiljanleg spurning,“ segir Þórdís Kolbrún.

Ráðherra ítrekar þó að mikilvægt sé að halda diplómatskum þræði á milli Íslands og Rússlands þótt ekki sé lengur virkt diplómatskt samstarf á milli landanna, meðal annars í ljósi þess að Ísland er með sendiráð í Rússlandi og íslenskir ríkisborgarar séu þar í landi.

Aðspurð segir Þórdís ríkisstjórnina ekki hafa skoðað að vikja rússneska sendiherranum úr landi eða loka sendiráðinu.

„Nei, við höfum kallað hann inn í ráðuneytið oft en einu sinni og oft en tvisvar og að öðru leyti er ekkert virkt samtal, samvinna eða samráð. En í þessu fylgjum við vinnu

andlagsspjöðum og þetta hefur í sögunni verið allra síðasta úrræðið sem fólk gripur til.“

Þá segir Þórdís að ekki hafi verið tekin ákvörðun um aukinn varnarviðbúnað hér á landi.

„En ég útiloka ekki að það verði gert,“ segir Þórdís Kolbrún. Dæmi um varnir Íslands sé virkt kafbátatefirlit sem Bandaríkjamenn sinna og loftrýmisgæsla sem portúgalski herinn hefur sinnt undanfarið.

„Atlantshafsbandalagið virkjaði allar fimm varnaráætlanir bandalagsins nýlega sem er breyting. Það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvað það mun þýða fyrir okkur heima á Íslandi en það þýðir aukinn viðbúnað, varnargetu og þviumlíkt,“ segir ráðherra. ■

## Virðisaukinn er farinn út í bláinn!

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!\*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

**H** HEKLA Laugavegi 174, 105 Rvk. → [www.mitsubishi.is/eclipse](http://www.mitsubishi.is/eclipse)

\*Að sjálfsgæðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.



Drive your Ambition



Í Kópavogsskóla eru 390 nemendur.

## Mygla fannst í Kópavogsskóla

jonthor@frettabladid.is

**KÓPAVOGUR** Hluta Kópavogsskóla hefur verið lokað vegna mygla. Samkvæmt tilkynningu frá Kópavogsbæ verða það nemendur í sjötta og sjöunda bekk skólans sem munu þurfa að vera heima vegna þess, en aðrir nemendur mæta í skólann.

Hluti Fannborgar 2, sem áður hýsti Bæjarskrifstofur Kópavogs, verður nýttur fyrir kennslu. Nemendur sjötta til tíunda bekkjar verða í Fannborg, en það eru um 170 nemendur. Í skólanum eru alls 390 börn.

Í tilkynningunni segir að farið hafi verið í viðtæka sýnatöku í miðalnu Kópavogsskóla eftir að mygla greindist í einni stofu í janúar síðastliðnum og lá niðurstaða sýnatökunnar fyrir síðdegis á miðvikudag. ■

## Fyrsta skemmtiferðaskip ársins í Reykjavíkurhöfn



Fyrsta skemmtiferðaskip ársins, Borealis, kom til Reykjavíkurhafnar í dag. Raunar er Reykjavík lokaáfangastaður skipsins á Íslandi þar sem breyta varð siglingaáætluninni vegna veðurs. Skipið kom til Akureyrar á miðvikudaginn, fór síðan til Ísafjarðar og þaðan til Reykjavíkur. Vegna heimsfaraldursins hafa skemmtiferðaskip við Íslandsstrendur verið fá á síðustu árum. Hins vegar stefnir í metfjölda skemmtiferðaskipa á þessu ár. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

## Allir flóttamenn frá Úkraínu munu fá læknisskoðun við komuna til Íslands

birnadrofn@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) mun veita flóttafólki frá Úkraínu læknisskoðun við komuna til landsins og er undirbúningur nú í fullum gangi. Búið er við fjölda flóttafólks frá Úkraínu hingað til lands.

Allir flóttamenn sem hingað koma frá Úkraínu verða skimaðir fyrir berklum, sárásótt, lifrabólgu og HIV. Auk þess segir Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá HH, að líklega verði fólkið einnig skimað fyrir Covid-19.

Á vef Embættis landlæknis segir að ef umsækjandi greinist með einhverja af þeim sjúkdómum sem skimað er fyrir leiði það ekki til synjunar dvalarleyfis heldur sé „skoðuninni ætlað að uppfylla skilyrði heilbrigðisvirkvalda til þess að



Sigríður Dóra Magnúsdóttir

unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana og læknismeðferða.“

Sigríður segir að undirbúningur gangi vel, leitað sé að húsnæði þar sem hægt verði að taka á móti fólkinu og veita því læknisskoðun. Spurð að því hvort notast verði við húsnæði Heilsugæslunnar á Suðurlandsbraut þar sem ekki sé mikil starfsemi þar nú þegar tekin sé færri PCR-próf segir Sigríður Dóra svo ekki vera.

„Við munum finna húsnæði í samvinnu við þá aðila sem vinna að þessu með okkur,“ segir hún. ■

## Opna þarf fleiri neyðarskýli

Snjóþungur vetur hefur reynst erfiður og stefnt er að opnun fjórða neyðarskýlisins í Reykjavík. Heimilisláusar ungar konur eru í sérstöku vanda. Mörg sveitarfélög draga lappirnar, að sögn formanns velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Covid-faraldur, kuldi og snjóþyngsli hafa reynst heimilisláusum erfiður tími í höfuðborginni í vetur. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir aukna sókn hafa orðið í neyðargistingu. Stefnt er að því að fjölga skýlum og opna fjórða athvarfið fyrir ungar konur. Þá eru skýlin nú opin allan sólarhringinn ef illa viðrar.

„Það hefur sem dæmi verið erfitt fyrir þennan hóp að komast um borgina vegna snjóþunga og kulda, enda eru heimilisláusir ekki á eigin farartækjum. Covid hefur líka sett strik í reikninginn, en allir sem vilja fá inni í neyðarskýlunum, engum er úthýst,“ segir Heiða.

Borgin hefur starfrækt þrjú neyðarskýli í vetur, tvö fyrir karla og eitt fyrir konur. Heiða segir að verið sé að ræða opnun fjórða skýlisins fyrir ungar konur. Eitt skýli er í miðborginni, annað við Granda og það þriðja í Hlíðunum, Konukot.

Heiða segir mörg sveitarfélög draga lappirnar með því að sinna ekki málefnum heimilisláusra og þeirra sem eiga við fíknivanda að stríða. Mörg dæmi séu þess að íbúar annarra sveitarfélaga flytjist til Reykjavíkur vegna þess að engin úrræði séu í heimabyggð. Ein afleiðing flutninganna geti orðið tengslarof.


„Það er mjög mikilvægt að byggja upp þjónustu fyrir þennan hóp um allt land. Neyðarskýli eða skyndigisting hjá ættingjum eða vinum er neyðarúrræði. Sveitarstjórnarfolk verður að taka það hlutverk sitt



Konukot stendur við Eskihlíð 4.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Heimilisláusir í Reykjavík í október 2021



alvarlega að þjónusta alla hópa, líka þennan,“ segir Heiða.

301 íbúi í Reykjavík var í fyrrahaust metinn heimilisláus, samkvæmt gögnum frá borginni. ■

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](http://nyform.is)

100% rafmagn, Plug-in Hybrid eða Hybrid

# RAFBÍLAÚRVALIÐ FRÁ RENAULT



ENNEEM / SIA / NMO09026

CLIO, ZOE, CAPTUR, ARKANA OG MEGANE: Fimm frábærir og tæknilega fullkomnir bílar, PHEV, Hybrid eða 100% rafknúnir. Veldu þann sem passar þínum lífsstíl. Renault - við elskum lífið.

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**

[www.renault.is](http://www.renault.is)

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



## Þróun dauðsfalla á Íslandi öflug miðað við Evrópu

kristinnhaukur@frettabladid.is

**COVID-19** Umframdauðsföll voru 30,3 prósent á Íslandi um áramót og hefur hlutfallið aldrei verið hærra síðan faraldurinn hófst. Fyrri met var í ágúst síðastliðnum en þá voru umframdauðsföll 16,9 prósent. Umframdauðsföll er töl sem notað hefur verið til að sýna fram á raunverulegan kostnað Covid-19 faraldursins í mannlífum talið.

Hlutfallið reis mjög hratt undir lok seinasta árs, en í október voru afar fá dauðsföll, 14,1 prósent minna en í venjulegu árferði. Viðmiðunin eru árin 2016 til 2019. Á þeim tíma var Ísland eitt örfárra Evrópuríkja án umframdauðsfalla.

Þróunin snerist hins vegar við og um áramótin var aðeins Slóvakía með hærra hlutfall en Ísland. Meðaltal Evrópu var þá orðið 22,7 prósent. Umframdauðsföllum hefur fækkað mjög hratt á meginlandi Evrópu og í janúar var hlutfallið komið niður í 7,7 prósent. Janúartölurnar fyrir Ísland liggja þó ekki fyrir. ■

## Gagnrýndi hæga uppbyggingu

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HAFNARFJÖRÐUR** Adda María Jóhannsdóttir, oddviti Samfylkingar í Hafnarfirði, gagnrýnir meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir hæga íbúðauppbyggingu. Samkvæmt áætlun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar voru aðeins 236 íbúðir í byggingu í september. Adda bendir á að miðspá geri ráð fyrir 152 nýjum íbúðum 2022.

# 122

### Hafnfirðingar eru á biðlista eftir félagsíbúð

122 séu hins vegar á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Aðeins 9 íbúðir hafi verið keyptar í félagslega kerfið á undanförunum tveimur árum.

Fulltrúar meirihlutans telja hins vegar stofnunina vanmeta fjölda íbúða í byggingu. Fjöldi á matsstigi 1 til 5 í desember hafi verið 438. 500 milljónum króna verði varið til félagslegra íbúða á þessu ári. ■

## Umdeild skilyrði fyrir inngöngu í lögreglufræði

bth@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Nemendur sem vilja sækja nám í lögreglufræðum þurfa að vera orðnir tvítugir þegar lög- reglunám þeirra hefst.

Nítján ára maður sem verður tvítugur nokkrum dögum eftir að kennsla hefst í faginu næsta haust segist hafa orðið hissa og leiður þegar hann sendi inn umsókn fyrir skómmu og var hafnað um inngöngu á grunni fæðingardags.

Maðurinn þarf að bíða í heilt ár þar sem námið hefst að hausti. Flestir útskrifist nú 19 ára sem stúdentar vegna styttingar framhaldsskólans. Hann viti engin dæmi um sambærilegar aldurskröfur eftir fæðingardegi hvað varðar annað nám.

Eyrún Eyþórsdóttir, lektor í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri, segir að umræða hafi orðið um þessi mál og að það sé umdeilt að nemar þurfi að hafa náð 20 ára aldri þegar þeir hefja námið. Laga-



Eyrún Eyþórsdóttir, lektor í lögreglufræðum við HA

breytingu Alþingis þurfi á lögreglu- lögum til að breyta þessu.

„Við missum af umsækjendum vegna þessa. Mín skoðun er að best sé að hafa sem mesta aldersdreifingu í löggunni,“ segir Eyrún.

Ólafur Örn Bragason, forstöðu- maður Mennta- og starfsþróunar- seturs lögreglu, kannast við óánægju- una. „Þetta eru lögin en það mætti okkar vegna endurskoða fyrir- komulagið í samhengi við styttingu framhaldsskólans,“ segir hann. ■

## Sorphirða í borginni á eftir áætlun vegna manneklu og slæms veðurs

Sorpbílar borgarinnar hafa bílað vegna álags og viðgerðir tafist vegna veikinda starfsfólks á verkstæðum. Þetta eru meðal ástæðna þess að tæming á bláum og grænum tunnum hefur legið niðri síðustu vikurnar.

birnadrofn@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Sorphirða í Reykjavík er talsvert á eftir áætlun, samkvæmt upplýsingum á vef borgarinnar. Tæming á bláum og grænum tunnum hefur legið niðri síðustu vikur en á miðvikudag var byrjað að tæma þær á ný. Búast má við að það taki borgina um þrjár vikur að komast aftur á áætlun.

Í skriflegu svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að ástæðan sé margþætt. Upphaflega hafi veikindi starfsmanna haft mest áhrif, þar með talið vegna Covid. Í kjölfarið hafi slæmt veður og slæm færð haft áhrif.

„Einnig hafa sorpbílar verið að bíla vegna álags. Viðgerðir hafa síðan tafist vegna veikinda starfsmanna á verkstæðum,“ segir í svari.

Þar segir einnig að starfsfólki hafi verið fjölgað um fimmtán prósent frá því í janúar ásamt því að starfsfólk hafi unnið alla laugardaga fyrir utan tvo, frá því fyrir júl. Þegar spurt er um ráðstafanir vegna slæmrar veðurspár segir að þær ráðstafanir sem gripið sé til séu lengri vinnudagar ásamt vinnu um helgar og fjölgun á starfsfólki.

Í Facebook-hópunum Íbúar í Miðborg og Vesturbærinn hefur



Fjölgun starfsfólks og lenging vakta hefur ekki dugað til. Veðrið hefur verið afar slæmt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



### Búast má við að það taki um þrjár vikur að koma sorptæmingu aftur á áætlun

mikið verið rætt um seinkun á sorphirðu og tala íbúar um að bláur og grænar tunnur hafi ekki verið tæmdar vikum saman, samkvæmt upplýsingum frá borginni er tæming grárra tunna, almenns rusls, á áætlun.

Íbúar velja fyrir sér hvort greiða þurfi fyrir þjónustuna þegar hún er ekki veitt eða einungis veitt löngu á eftir áætlun. Verð fyrir bláa tunnu, sem er í minna en fimmtán metra fjarlægð frá sorphirðubíl er 10.200 krónur á ári. Verð fyrir græna tunnu er 10.600 krónur.

Í svari borgarinnar segir að hirðugjöldin séu reiknuð fyrir árið og ekki breytt nema verulegar breytingar verði á áætlun. „Það að ein hirða falli niður af óviðráðanlegum

orsökum kallar ekki á endurgreiðslu hirðugjalda,“ segir í svari.

„Að sama skapi verða hirðugjöld ekki hækkuð á þessu ári, þrátt fyrir aukinn kostnað vegna yfirvinnu og aukins mannskaps,“ segir þar einnig.

Á vef borgarinnar er biðlað til íbúa borgarinnar um að moka snjó frá sorpilátum og gönguleiðum og hálkurverja þær. „Margir hverjir hafa gert það og við þökkum þeim fyrir það. Hins vegar er talsvert afstöðum þar sem starfsfólk hefur hreinlega ekki komist að tunnunum til að losa þær,“ segir í svari borgarinnar. „Einnig er bilum stundum illa lagt svo sorphirðubílar komast ekki að og líka eru hurðir að sorpgeymslum frosnar fastar og fleira.“ ■

**Allt á einum stað**  
fyrir baðherbergjið

- ✓ Bað- og blöndunartæki
- ✓ Flísar og múrefni
- ✓ Málning og kitti
- ✓ Salerni, baðkór, sturtur og handlaugar
- ✓ Innréttingar
- ✓ Handklæðaofnar

og frábær þjónusta

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN



**20%**  
afsláttur

**16" Hagkaups pizzur 5 tegundir**

Verð frá **1.519** kr/pk  
Verð áður 1.899

# Pizzaveisla í kvöld?

**HAGKAUP**

Tilboð gilda út 20. mars



**20%**  
afsláttur

**Alvöru Ribeye hamborgari**  
2 x 120 g  
Verð áður 1.379

**1.103** kr/pk



**Lambahryggur ½ lundarhluti**  
Verð áður 3.799

**3.399** kr/kg



**20%**  
afsláttur

100%  
Hrein afurð

**Kjúklingabringur**  
Verð áður 2.849

**2.279** kr/kg



**Lífræn epli 1 kg**  
Verð áður 879

**699** kr/pk



**Nýtt**

**Santa Maria Gulróta og rauðrófu tortilla**

**449** kr/pk

**BAKARÍÐ**



**Kanilsnúður með ostakremi**  
Verð áður 389

**279** kr/stk

# Úkraína muni hafa áhrif á starfsemi Hringborðs norðurslóða

thorgrimur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Áætlað er að fjallað verði um öryggismál norðurskaufsríkja í ljósi innrásarinnar í Úkraínu á þingi Hringborðs norðurslóða (Arctic Circle) næsta haust. Þetta kom fram í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins frá Ásgerði Ólöfu Ásgeirsdóttur, upplýsingafulltrúa stofnunarinnar.

„Atburðir seinustu vikna hafa auðvitað mikil áhrif á alla heims-

byggðina og er starfsemi Hringborðs ekki undanþegin,“ segir Ásgerður. „Næstu viðburðir Hringborðs norðurslóða fara ekki fram fyrir en í haust og verður staðan metin í aðdraganda þeirra.“

Heimasíða Hringborðsins birti nýlega pistil þar sem Norðurskaufsráð var gagnrýnt fyrir að gera hlé á samstarfi við Rússa vegna innrásarinnar.

Meðal meðlima í heiðursstjórn Hringborðsins er rússneski land-



Artúr Tsjilingarov flytur opunarávarp á þingi Hringborðs Norðurslóða árið 2015. Mynd/Anton Brink

könnuðurinn Artúr Tsjilingarov, sem situr á rússneska þinginu fyrir Sameinað Rússland, stjórnmalaflokk Vladímírs Pútíns. Hann hefur unnið sér til frægðar að koma rússneskum fána fyrir á hafsbotni undir norðurljósum til að eigna Rússlandi norðurheimskautið.

Ásgerður segir stofnunina ekki hafa rætt stöðu Tsjilingaróv. „Meðlimir [heiðursstjórnarinnar] gegna engu sérstöku hlutverki öðru en því að hafa látið málefni norðurslóða

sig varða á löngum ferli og koma frá landfræðilega ólíkum stöðum. Artúr Tsjilingarov varð heiðursmeðlimur vegna starfa sinna fyrir rússneska landfræðifélagið.“

Ásgerður bendir á að Tsjilingarov hefði síðast komið á ráðstefnu Hringborðsins fyrir sjö árum. „Skipan heiðursstjórnar er ekki innan verksviðs skrifstofu Hringborðsins og mun framkvæmdastjórn Hringborðsins ekki funda fyrir en seinna á árinu.“ ■

## Vanskil Rússa gætu skert lánskjör Íslands

olafur@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt Bloomberg-fréttastofnunni segist rússneska fjármálaráðuneytið hafa sent viðskiptabanka sínum beiðni um að greiða 117 milljónir dollara 14. mars vegna vaxtagreiðslu af rússneskum ríkisskuldabréfum í erlendri mynt.

Greiðslan á að berast Citibank í London sem sér um að greiða skuldabréfaeigendum. Gjaldldagi var nú í vikunni og eindagi er 15. apríl.

Eigendur skuldabréfanna höfðu í gær ekki fengið tilkynningu frá Citibank um að vaxtagreiðslan hefði verið innt af hendi.

Tilkynning rússneska fjármálaráðuneytisins hefur þó leitt til bjartsýni á mörkuðum um að Rússar standi við skuldbindingar sínar.

Áhrif vanskila Rússlands yrðu mikil fyrir þróunar- og nývaxtaríki, auk Rússlands sjálfs. Lántökukostnaður myndi hækka verulega og hætt er við að eftirköst greiðslufalls erlendra skulda auki varkarni fjárfesta gagnvart nývaxtarríkjum. Þetta mun hækka lántökukostnað.

Ekki hefur sérstaklega verið metið hver áhrif greiðslufalls gætu orðið á lánskjör íslenska ríkisins, en samkvæmt Seðlabankanum er lítið á möguleikann á greiðslufalli sem einn anga af áhrifum stríðsins.

Í ritinu Fjármálastöðugleiki, sem kynnt var í vikunni, segir á blaðsíðu 28: „Bein áhrif á íslenska fjármálaferfið af stríðinu í Úkraínu verða að öllum líkindum einkum fjölgun netárása og hækkun á fjármagnskostnaði á erlendum lánsfjármörkuðum, ef stríðið breiðist ekki út enn frekar... Ef ástandið varir lengi gæti hærri fjármögnunarkostnaður haft áhrif á vaxtakjör bankanna á lánveitingum í erlendum gjaldmiðlum.“ ■

# Innan við helmingur internetléna á Íslandi með hina íslensku .is-endingu

Hlutfélagið ISNIC sem á .is-endinguna fyrir lén á internetinu greiddi eigendum 108 milljónir króna í arð í fyrra. Að sögn Jens Péturs Jensen, aðaleiganda félagsins, er rangt sem haldið sé fram að ríki en ekki einkaaðilar sjái almennt um rekstur slíkra landsléna.

gar@frettabladid.is

**FJARSKIPTI** Jens Pétur Jensen, framkvæmdastjóri og aðaleigandi ISNIC – Internets á Íslandi hf., fullyrðir í yfirlýsingu á vef félagsins að rangar staðhæfingar um fyrirtækið hafi verið settar fram á Rás 2 í síðustu viku og á Bylgjunni á miðvikudag.

ISNIC er hlutfélag í eigu 21 aðila. Einn þeirra er að sögn Jens ríkið með samtals 23,5 prósentu hlut. Félagið rekur landslénið .is.

Jens segir því haldið fram að árgjaldið hjá ISNIC sé hátt og að ef ríkið ræki félagið yrði gjaldið lægra.

„ISNIC hvetur þá sem halda slíku fram að bera saman árgjald léns hjá ISNIC og árgjald ýmissa ríkisstofnana nokkur ár aftur í tímann. Þá kæmi til dæmis í ljós að árgjald léna hefur lækkað um yfir 60 prósent að raungildi frá árinu 2007,“ segir í yfirlýsingu aðaleigandans.

Meðalárgjald landsléna í heiminum var 12 dollarar í fyrra að sögn Jens. Hjá ISNIC sé galdið 29 dollarar.

„Hins vegar er þjónusta ISNIC við viðskiptamenn langt umfram það sem þekktist hjá systurfyrirtækjum ISNIC erlendis, hvar ómögulegt er að fá persónulega aðstoð í gegnum síma,“ bendir Jens á en tekur fram að þetta gæti ISNIC reyndar þurft að endurskoða áður en langt um liði.

Einnig segir Jens rangt að ríkisstofnanir sjái almennt um rekstur



Framkvæmdastjóri ISNIC segir .no óheppilegt nafn á léni og því noti margir Norðmenn íslenska lénið .is.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

**Velta má fyrir sér hvort markaðsstaða .is á Íslandi væri eins sterk og raun ber vitni ef ISNIC væri ríkisfyrirtæki.**



Jens Pétur Jensen, aðaleigandi og framkvæmdastjóri ISNIC

landsléna. „Undirritaður veit aðeins eitt dæmi um slíkt í Vestur-Evrópu, sem er finnska Póst- og fjarskiptastofnunin, en hún fékk landslénið .fi „upp í hendurnar“ eftir að stórt fjarskiptafyrirtæki, sem haft hafði reksturinn með höndum frá byrjun, fór í þrot,“ skrifar Jens.

Þá segir Jens rangt að .is eigi ekki í neinni samkeppni og að sjálfgefið sé að .is sé vinsælasta lénið á Íslandi og verði svo um alla framtíð. Markaðshlutdeild .is á Íslandi sé rétt undir 50 prósentum á móti öðrum höfuðlénunum. Hlutdeild .com sé mun stærri en flestir geri sér grein fyrir.

„ISNIC á með öðrum orðum í harðri samkeppni við öll önnur höfuðlén og flytur út þjónustuna í talsverðum mæli, til dæmis eru margir Norðmenn með .is,“ segir í yfirlýsingunni. Það séð alls ekki svo að í öllum ríkjum séu landshöfuðlén viðkomandi ríkis mest notuð. Til

dæmis sé .com vinsælla hjá almenningi í Noregi en .no – sem auðvitað sé „afar óheppilegt lén“. Í Frakkland sé hlutdeild .fr aðeins um 20 prósent.

„Velta má fyrir sér hvort markaðsstaða .is á Íslandi væri eins sterk og raun ber vitni ef ISNIC væri ríkisfyrirtæki og árgjald léna hefði fylgt opinberri verðlagsstefnu,“ heldur Jens áfram. Þá sé rangt að eigendur ISNIC hafi greitt sér mörg hundruð milljónir króna í arð árlega.

„Rétt er hins vegar að metarðgreiðsla var innt af hendi í febrúar síðastliðnum og var hún 108 milljónir króna,“ segir Jens.

Framkvæmdastjórinn bendir á að ríkið hafi fengið alls 48,6 milljónir af þessum arði beint sem hluthafi og með skatti á arðgreiðslurnar í heild.

Tekið skal fram að hlutur Jens sjálfs í ISNIC er 29,51 prósent og hlutdeild hans í arði síðasta árs hefur því verið tæpar 32 milljónir. ■

# VERUM VAKANDI

## Stöðvum kynferðisofbeldi á djamminu

**ER ALLT Í GÓÐU?**



Opnaðu myndavélina í símanum þínum og skannaðu þennan QR kóða.



# Upp með sokkana!

---

Árlega missum við 320 pabba, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum. Sýndu lit, þekktu einkennin og kaupu sokka til styrktar Krabbameinsfélaginu.



# Mannfallið mun meira en Rússar gefa upp

Leyniþjónustur telja mannfall Rússa mun meira en stjórnvöld gefi upp. Árásir Rússa á óbreytta borgara héldu áfram í gær.

arib@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Hægt hefur á framgangi rússneskra hersveita á öllum vígstöðvum í Úkraínu síðustu daga og er mannfallið mikið, samkvæmt upplýsingum frá leyniþjónustum Breta og Bandaríkjanna.

Erfitt er að fá upplýsingar frá vígstöðvunum og áróður er stífur bæði af hálfu Rússa og Úkraínumanna. Rússar segja opinberlega að tæplega 500 hermenn hafi fallið frá því innrásin hófst fyrir þremur vikum, á sama tíma segjast Úkraínumenn hafa banað á annan tug þúsunda.

Samkvæmt skýrslu bresku leyniþjónustunnar hafa rúmlega sjö þúsund rússneskir hermenn fallið, starfsbræður þeirra í Bandaríkjunum komast að sömu niðurstöðu. Ef þær tölur standast þýðir það að Rússar hafa misst fleiri hermenn í Úkraínu á síðustu þremur vikum en Bandaríkin í Irak og Afganistan frá aldamótum.

Rússar hafa misst töluverðan fjölda hershöfðingja, talið er að um tuttugu þeirra hafi tekið þátt í innrásinni. Þeir hafi verið færðir framur á víglínuna á síðustu dögum til að bæta andann meðal óbreyttra hermanna og þannig lagðir í meiri hættu.

Talið er að Úkraínumenn hafi misst hátt í þrjú þúsund hermenn frá upphafi innrásarinnar, Úkraínumenn sjálfir segja töluna nær

## Hershöfðingjar Rússa á meðal fallinna

Þrjár vikur eru liðnar frá því að innrás Rússa í Úkraínu hófst. Rússar hafa nú þegar misst fleiri hermenn en Bandaríkjamenn misstu á tveimur áratugum í Afganistan og Irak.



einu þúsundi. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa minnst 700 almennir borgarar fallið.

Loftvarnir Úkraínumanna hafa

skipt sköpum, að sögn ráðamanna þar, og hefur komið á óvart hversu vel hefur gengið að koma í veg fyrir að Rússar nái loftfyrirráðum í land-



Úkraínskir hermenn í Lviv bera félagá sinn til grafar. Talið er að um þrjú þúsund úkraínskir hermenn hafi fallið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

inu. Mikið af orku þeirra hefur farið í að verja Kænugarð fyrir árásum.

Þrátt fyrir að víglínan hreyfist lítið halda Rússar áfram að skjóta eldflaugum á almenna borgara. Í gær létust meira en 20 og 25 særðust í loftárás á skóla og félagsmiðstöð í bænum Merefa skammt frá Karkív í austurhluta landsins.

Úkraínumenn halda enn yfirráðum í hafnarborginni Mariupol í suðurhluta landsins þrátt fyrir umsátur, íbúar eru enn vatnslausir og hungur hrjáir marga. Hátt í 1.200 konur og börn höfðu leitað skjóls í leikhúsi sem varð fyrir flugskeyti. Búið var að setja stórar merkingar á bílastæði fyrir utan þar sem stóð „börn“ áður en árásin var gerð. Ekki liggur fyrir hversu margir létust en einhverjir náðu að koma sér út eftir árásina. Talið er að níu af hverjum tíu byggingum í borginni séu skemmdar eða eyðilagðar.

Borgin Tjernihív norðaustan við

Kænugarð er ekki umkringd en stöðugar árásir hafa verið á borgina síðustu vikur. Rúmlega fimmtíu létu lífið í gær. Í gær bárust einnig óstaðfestar fregnir af því að flugskeyti hefði hafnað nálægt röð af fólki að kaupa brauð.

Úkraínumenn gáfu út í gær að Ívan Fedorov, borgarstjóri Melítopol sem Rússar rændu, sé laus úr haldi í skiptum fyrir níu rússneska stríðsfanga. Var tekið fram að allir rússnesku stríðsfangarnir væru fæddir á árunum 2002 og 2003.

Áfram er unnið að vopnahlés-samningi. Jean-Yves Le Drian, utanríkisráðherra Frakka, hefur sakað Rússa um að þykjast aðeins vilja semja. Oleksí Resníkov, aðalsamningamaður Úkraínu, sagði á fundi með Evrópuþingmönnum í gær að mikil vinna færi í tæknileg atriði, mestu skipti að Rússar hættu öllum árásum, í raun væri boltinn hjá rússneskum stjórnvöldum. ■



**Fjóla Kristinsdóttir**  
í fyrsta sæti

1. sæti í Árborg

**Fjóla Kristinsdóttir**

[fjolakristins.is](http://fjolakristins.is)

 FjolaKristins

” Ábyrgur og skilvirkur rekstur er lykillinn að góðri grunnþjónustu og því forsenda þess að sveitarfélagið megi vaxa og dafna.

**Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Árborg Laugardaginn 19. mars**



# Fyrir hugann og heimilið

Góð bók og falleg hönnun lífgar upp á tilveruna!



Drag plóg þinn yfir bein hinna dauðu  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Miðnæturbókafnið  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




HAY könnur (2 saman)  
VERÐ 8.479 KR.

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilbóða er til og með 21. mars eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabengi.



Kverkatak  
**3.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.699 KR.



Brotin bein  
**3.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.159 KR.



HAY geymslubox, ýmsar stærðir og litir  
VERÐ FRÁ 2.119 KR.



HAY skurðbretti  
VERÐ FRÁ 6.789 KR.



HAY pressukanna 1L  
VERÐ 10.499 KR.



HAY Sowden djúsvél  
VERÐ 21.199 KR.



HAY Weekend taska  
VERÐ 5.299 KR.

www.penninn.is  
s: 540-2000



Frí heimsending\*  
ef pantað er fyrir 10.000 kr.  
eða meira á vefnum okkar  
\*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjapjónustu

PENNINN

Eymundsson

## Evrópuljósið



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Það er ólán Samfylkingar og Viðreisnar að einmitt þegar mikill stuðningur við inngöngu í Evrópusambandið mælist meðal þjóðarinnar þá er við völd ríkisstjórn sem hefur alls engan áhuga á að setja málið á dagskrá. Ríkisstjórnin hlýtur að vona að umtalsverður stuðningur við inngöngu í skoðanakönnunum sé einungis dæmi um duttlungafulla hugsun sem muni fljótleiga renna af þjóðinni. Hluti stjórnarandstöðunnar hlýtur síðan að lifa í þeirri von að ríkisstjórn, sem í aðalatriðum er farsæl, springi og boðað verði til kosninga þar sem aðild að Evrópusambandinu verði helsta baráttumálið. Um leið þarf þjóðin að vera rækilega sannfærð um að innganga sé henni fyrir bestu.

Það er hlutverk Samfylkingarinnar og Viðreisnar að sannfæra þjóðina um að Ísland eigi heima í Evrópusambandinu. Styrkleiki þessara flokka er þó ekki umtalsverður og sannfæringarmáttur þeirra ekki nægilegur til að rík ástæða sé til að ætla að þeim takist þetta. Kannski ættu Samfylking og Viðreisn að sameinast í einn Evrópusinnnaðan flokk. Þá myndi færast nokkur kratabragur yfir Samfylkinguna, en þann geðþekka blæ skortir flokkinn sárlega.


Ef Samfylkingin og Viðreisn ætla að hafa þjóðina á sínu bandi í Evrópumálum verða þessir flokkar að halda vel á spöðunum, stunda yfirvegaða pólitík og hætta þeim upphlaupum sem þeir hafa stundað í of miklum mæli. Þetta á sérstaklega við um Samfylkinguna sem er að verða alræmd fyrir lítt vandadan pólitískan málflutning. Það er vissulega freistandi fyrir stjórnarandstöðuflokka að stunda upphrópunarpólitík en það gerir þá sömu um leið að fremur hvítleiðum valkosti í kosningum.

Innganga í Evrópusambandið er alvörumál sem ræða þarf af fullri ábyrgð. Beinast þá augu ekki síst að stærsta stjórnmalaflokki landsins, Sjálfstæðisflokknum, sem er furðulega óábyrgur í þvermóðskufullri andstöðu sinni við inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Flokkur sem virðist vilja fylgja frjálslyndri og víðsýnni utanríkisstefnu hatast við Evrópusambandið. Rökin eru óljós, helst þau að með aðild forni Íslendingar hagsmunum sínum og frelsi. Hvert mannsbarn ætti að vita að nán samvinna og samstarf þjóða á milli jafngildir sannarlega ekki frelsisskerðingum.

Of hvað með Vinstri græn sem hafa, þegar kemur að utanríkismálum, verið barnslega einföld, samanber slagorð þeirra: Ísland út Nató. Er ekki kominn tími til að þau þroskist almennilega og sjái Evrópuljósið? ■

Það er hlutverk Samfylkingarinnar og Viðreisnar að sannfæra þjóðina um að að Ísland eigi heima í Evrópusambandinu.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

## Yellow viðvörðun

Við fengum nánast nokkra klukkutíma af skynsamlegu vorveðri áður en allt tjúllaðist aftur, íbúðagötur breyttust í plánetuna Hoth og snjómaðurinn ógurlegi sást gramsa í óhirtu rusli í Grafarvogi. Landsmenn, sem þekktir eru fyrir yfirvegum sína, ákváðu að hringja í Veðurstofuna til að skammast yfir öllum þessum gulu viðvörðunum. Viðvaranirnar eru vissulega orðnar dálítið þreyttar eftir að öll ófrágengnu trampólínin dreifdust jafnt milli Grænlands og Færeyja. Það er hins vegar tilefni til vitundarvakningarátaks um gular viðvaranir, í auglýsingunum væri hægt að notast við Bítalagðið klassiska „We all live in a yellow viðvörðun, a gula viðvörðun ...“

## Fylgiseðillinn

Landinn hefur tekið aflyfseðils-væðingu Parkódins fagnandi, svo mikið að spjöldin eru orðin safnvara á pari við NBA- eða Pokémon-spjöld frá tíunda áratugnum. Veikindin má nota til að hámhörfa á Dopesick. Þeir sem lögðu í það að lesa átta blaðsíðna fylgiseðilinn áttuðu sig strax á því hvers vegna það þarf lyfseðil. Eru helstu fylgikvillar: Veðurríngur, slæmur tónlistarsmekkur í kringum Eurovision, hjólhýsaæði í júlí, kaupæði í desember og nöldur þess á milli. ■

## Gagnkvæm vinátta



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir  
utanríkisráðherra

Á þessi ári er stefnt að því að opna íslenskt sendiráð í Varsjá. Ég hef kynnt tillögu þess efnis á vettvangi ríkisstjórnar og utanríkismálanefndar og í samtali við sendiherra Póllands á Íslandi. Þessi áform hafa fengið afar góðar undirtektir enda er ég viss um að þetta sé rétt og eðlilegt skref í samskiptum þjóðanna. Pólskt sendiráð hefur nú þegar verið starfrækt á Íslandi um árabíl og almennt gildir regla um gagnkvæmni í slíkum samskiptum. Fyrst og fremst er samt stefnt að opnun sendiráðsins í Varsjá vegna þess að um er að ræða eðlilegt skref gagnvart mikilvægri vina- og bandalagsþjóð sem er bundin sterkum tengslum við Ísland. Þar skiptir ekki síst máli sú staðreynd að mikill og vaxandi fjöldi Íslendinga á ættir að rekja til Póllands, og því er fyrirséð að menningarleg og efnahagsleg tengsl þjóðanna koma til með að vaxa og eflast. Í þessu felast fjölmörg tækifæri fyrir bæði ríki sem íslensk sendiskrifstofa getur stutt enn frekar við. Ég er því sannfærð um að þessi áfangi eigi eftir að marka nýtt skeið í samskiptum þessara vinþjóða.

## Wzajemna przyjaźń

W tym roku planowane jest otwarcie ambasady Islandii w Warszawie. Propozycję w tej sprawie przedstawiłem na szczelbu Rządu i Komisji Spraw Zagranicznych oraz w rozmowie z Ambasadorem RP w Islandii. Plany te zostały dobrze przyjęte, bo jestem przekonany, że jest to właściwy i naturalny krok w stosunkach międzynarodowych. W Islandii od lat działa już polska ambasada i generalnie obowiązuje zasada wzajemności w takich stosunkach. Zalozeniem jest otwarcie ambasady, ponieważ jest to naturalny krok w kierunku rozwoju i utrzymania przyjaznych kontaktów obu narodów. Nie mniej ważny jest fakt, że duża i ciągle rosnąca liczba Islandczyków ma polskie korzenie, dlatego przewiduje się, że więzy kulturowe i gospodarcze między narodami będą rosły i umacniały się. ■

Á þessi ári er stefnt að því að opna íslenskt sendiráð í Varsjá.

**NÝBAKAÐ  
BRAUÐ  
ALLA DAGA**

• Austurströnd 14  
• Hringbraut 35

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00  
www.bjornsbakari.is

# Hvað er svona merkilegt við það að vera forstjóri?

## Í dag

Guðmundur Andri Thorsson



Enn einu sinni hefur Forstjórafélagið sett allt í bál og brand á íslenskum vinnumarkaði með ábyrgðarlausum hækkunum á ofsalaunum sínum á sama tíma og reynt er að brýna fyrir almennu launafólki að ekki sé svigrúm til kauphækkana á almennum vinnumarkaði. Forstjórafélagið telur sig ekki vera á almennum vinnumarkaði. Það telur sig yfir hann hafinn. Forstjórnir telja sig sitja á fjallstindi og horfa yfir almúgann strita.

Af hverju telur forstjóri sig eiga skilið að fá tvítugföld laun á við almennt starfsfólk? Það er vegna þess að hann telur framlag sitt væntanlega vera 20 sinnum mikilvægara en þess. Hann telur sig 20 sinnum merkilegri en annað starfsfólk. Samt vitum við öll að flugfélag heldur áfram að fljúga næstum á hverju sem gengur, ekki vegna ráðsnilldar forstjórnar heldur vegna þess einfaldlega að stjórnvöld geta ekki látið það gerast að flugsamgöngur falli niður við landið og hljóta ævinlega að halda lífinu í félaginu með öllum ráðum. Hið sama gildir um

önnur félög sem sinna samfélagslega mikilvægum innviðum, og eru of mikilvæg til að falla.

### Öfug anorexia

Einhvern tímann heyrði ég að einn munurinn á körlum og konum sé sá að karlmenn hneigist til að sjá sig í spegli sem grenni en þeir eru – en konur sjái sig feitari en raunin er. Þetta var sagt haldast í hendur við tilhneigingu karla til að ofmeta útlit sitt og atgervi yfirleitt en kvenna til að vanmeta þetta. Svona kynjaklisjur og alhæfingar eru auðvitað varasamar – og gilda ekki oft um einstaklinga – en samt ... Óneitanlega verður maður hugsað til þessa óbilandi ofmats á eiginleikum sínum þegar maður sér fréttir af launum forstjóra í fyrirtækjum sem nutu ríkisstyrkja í kófinu.

Hvað er að þessum mönnum? Í Fréttablaðinu í gær var frétt um að „öfug anorexia“ hrjái marga unga karlmenn, sjúkleg löngun til að stækka vöðva sína út í hið óendanlega. Þetta eru sálræn veikindi og lýsa sér í því að viðkomandi hafa misst alla yfirsýn yfir sjálfa sig og eðlileg hlutföll í eigin líkama. Þeir geta ekki á heilum sér tekið nema vöðvarnir séu stærri í dag en í gær – og verði enn stærri á morgun. Þessir bólgnu upphandleggsvöðvar eru ekki endilega hentugir til að standa í raunverulegum aflraunum. Einu sinni horfði ég meira að segja á mann sem átti í basli með að matast vegna þess að hann átti erfitt með að koma puttum með gaffli að munnum því að bólgur



upphandleggsvöðvarnir þvældust fyrir. Þessi piltar hafa misst sjónar á því til hvers vöðvar eru, til hvers styrkur sé æskilegur – hvað styrkur sé yfirleitt og hvernig hann lýsi sér. Þeir halda að vöxturinn sé markmið í sjálfu sér.

Eitthvað svipað kann að hrjá forstjórnara. Þetta er einhvers konar öfug forstjóra-anorexia, og lýsir sér

í óstöðvandi fíkn eftir launahækkunum, sem verða markmið í sjálfu sér en ekki mælikvarði á framlag viðkomandi eða gildi, að öðru leyti en því að sá er álitinn mestur sem mestu nær.

### Samfélagslíkaminn

Getuleysi stjórnar og annarra eftirlitsaðila til að hafa hemil á taum-



Hvað eru stjórnirnar í fyrirtækjunum eiginlega að pæla? Hvers vegna semja stjórnir við einstaklinga um svona furðulaun?

lausum kauphækkunum viðkomandi verður þá líka mælikvarði á getu forstjórnar til að ná fram sem ótrúlegustum árangri við að skara eld að eigin köku; sem samkvæmt þessari hugmyndafræði er jafnframt mælikvarði á manngildi.

Hvað eru stjórnirnar í fyrirtækjunum eiginlega að pæla? Hvers vegna semja stjórnir við einstaklinga um svona furðulaun? Jafnvel stjórnir þar sem sitja fulltrúar lífeyrissjóða sem halda utan um almannaþé, og maður skyldi ætla að gerðu sér grein fyrir því að þeir eru fulltrúar almennra launanna?

Svona samfélagi má líkja við líkama þar sem ekki fer vel á því að fæturnir séu mjóir og veimiltitulegir en upphandleggsvöðvarnir séu aftur á móti bólgur af vexti sem hefur ekki annan tilgang en sjálfan sig. Allt þarf að vera í jafnvægi, allt hefur nefnilega sinn tilgang – jafnvel forstjórnir, átti þeir sig á því að þeir eru ekki á fjallstindi hátt yfir samfélaginu. ■

# 2. SÆTI

## Marta Guðjónsdóttir



Ég hef einlægan áhuga á því að fá að vinna áfram að stefnumálum Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn og taka þátt í því að snúa af vegferð núverandi meirihluta.

Ég gef kost á mér í annað sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík, vegna borgarstjórnar kosninganna í vor.

### Helstu Markmið

- Aðhald í rekstri og virðing fyrir framlagi skattborgara
- Heildstæð samgöngustefna fyrir alla ferðamáta
- Raunhæfar lausnir í almenningssamgöngum
- Skipulagsstefna í sátt við borgarbúa
- Menntastefna sem mætir þörfum nútímans
- Persónulegri og skilvirkari þjónusta við eldri borgara
- Standa vörð um grænu svæðin í borginni

**Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík 18.-19. mars.**

## Er faðir Gunnars þegar á hólminn er komið



Aron Guðmundsson  
skrifar frá London  
aron  
@frettabladid.is

Haraldur Dean Nelson, faðir og umboðsmaður UFC-bardagakappans Gunnars Nelson, segist auðvitað finna til hræðslu og stress þegar sonur hans stígur inn í bardagabúrið. Hann segir að þegar í búrið er komið sé hann bara faðir Gunnars, ekki umboðsmaður.

**UFC** Það styttist heldur betur í bardagakvöld UFC í London sem fram fer á morgun í O2-höllinni. Gunnar mætir Japananum Takashi Sato í veltivigt. Fréttablaðið talaði við Harald í borginni og er hann vongóður fyrir endurkomu Gunnars.

„Tilfinningin er bara góð en ég er samt alltaf svaka spennur og stressaður á víxl fyrir svona bardaga. Að sama skapi er liðanin miklu betri núna en oft áður. Þar er stærsta breytan sú að Gunnar er heill heilsu fyrir þennan bardaga ólíkt síðustu bardögum þar sem hann hefur verið að glíma við meiðsli í aðdragandnum.“

### Pabbinn í horninu

Haraldur minnst á að hann sé bæði spennur og stressaður fyrir komandi bardaga. Hann er í stöðu sem fæstir þekkja, atvinna sonar hans snýst um að stíga inn í bardagabúr, horfast í augu við andstæðing og reyna að hafa betur í bardaga þeirra á milli.

„Það er náttúrliga bara rosa spennu og stress sem fylgir því að vera hluti af þessu. Þetta er harðgert sport, það er ekki eins og maður sé að horfa á boðtennisleik, sagt með fullri virðingu fyrir þeirri íþrótt. Þessi íþrótt er bara öðruvísi en flestar og það eru allavegana tilfinningar sem fylgja þessu.“

Haraldur er einnig umboðsmaður Gunnars en segir að þegar á hólminn sé komið taki fúðurhlutverkið við.

„Það er bara pabbinn þarna sem er í horninu, umboðsmaðurinn fer bara um leið,“ segir Haraldur sem viðurkennir einnig að auðvitað fylgi þessu hræðsla. „Jú, það er alveg hræðsla sem fylgir þessu líka en ég get rétt ímyndað mér hvernig það væri í þessu ef það væri alltaf fyrir hendi að það yrði eitthvert slys. Ég væri miklu hræddari um hann ef hann væri í mótorkross. Maður verður að sætta sig við það í þessu að þetta er bardagaíþrótt. Það þýðir að það eru átök, verið að beina höggum í höfuð á mönnum og reynt að koma þeim fyrir í alls konar lásur.“

Haraldur segir einnig ekki hægt



Faðir og sonur en líka samstarfsfélagar. Haraldur Dean fylgir Gunnari eftir í alla bardaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

að hansa mannlegt eðli. „Þegar maður er í horninu hjá mönnum sem manni þykir vænt um, manni eins og Gunnar er fyrir mér, vill maður heldur ekki sjá andstæðing hans meiðast illa. Hann á líka fjölskyldu og ástvini. Það er mín sýn að ef ég bæri ekki þessar tilfinningar innra með mér þá hefði ég stórkostlegar áhyggjur af minni stöðu.“

### Virðing fyrir andstæðingnum

„Innst inni veit maður líka að í hverjum bardaga er einhver sem tapar. Þess vegna hef ég alltaf haft þessa sýn, er ofboðslega ósáttur við hegðun sem margir í þessu sporti beita. Eru með stæla, beita reiði og í kjölfar bardagans sýna þeir andstæðingi sínum litilsvirðingu. Ég hata þetta af öllu hjarta. Ef þú getur ekki fundið til með þeim sem lýtur í lægra haldi þá þarftu bara alvarlega að athuga hausinn á þér.“

Við þessi orð Haralds rifjast það upp hjá blaðamanni þegar hann hitti þá feðga á hóteli í Lundúnum fyrir tveimur dögum. Gunnar sat í sófa á hótelinu með teymi sínu og við hlið hans var fyrrverandi andstæðingur hans, Bretinn Leon Edwards, sem Gunnar tapaði fyrir á sínum tíma. Ég ákveð að nefna þetta við Harald vegna þess að tilfinningin við að horfa á bardaga í UFC er oftast en ekki sú að maður heldur að eftir bardaga skilji andstæðingarnir ósáttir, búnir að lemja hvor á öðrum.

„Það er fyndið að þú nefnir þetta



Okkar stefna hefur alltaf verið sú að við berum virðingu fyrir andstæðingnum.

því hérna beint á móti mér eru Gunnar og Leon einmitt í góðum samræðum,“ segir Haraldur, en við tölum saman í gegnum síma. „Okkar stefna hefur alltaf verið sú að við berum virðingu fyrir andstæðingnum og við vissum það þegar Gunnar mætti Edwards að hann væri ekki að fara á móti óvini sínum heldur keppinaut.“

Haraldur segist sjálfur ekki hafa neinar sérstakar væntingar fyrir komandi bardaga Gunnars gegn Takashi Sato. „En ég er hins vegar sannfærður um að Gunnar sé betri alhliða bardagamaður. Ég geri mér vonir um að hann vinni þennan bardaga en ég er hins vegar búinn að vera það lengi í kringum þetta sport til þess að vita að maður á engan rétt á að gera einhverjar kröfur.“

Haraldur segist líka vita að það er ekkert öruggt í þessu sporti. „Ég hef séð menn sem hafa komið inn sem minni spámenn í bardaga en endað á því að bera sig úr bítum. Það þarf ekki nema eitt högg og dagsformið í þessari íþrótt skiptir líka miklu máli. Í MMA er hver bardagi bráðabani, bardaginn klárast þegar dómari stoppar hann. Það er allt undir í þessu og ekkert víst.“

### Það er bannað að vera fáviti

Þá má segja að framganga Gunnars hafi opnað ýmsar dyr fyrir MMA á Íslandi. Hann er brautryðjandi Íslendinga á sínu sviði og það hefur haft jákvæð áhrif á umhverfi íþróttarinnar á Íslandi. Til að

mynda er búið að koma upp glæsilegri æfingaaðstöðu og miðstöð hjá Mjölni í Öskjuhlíðinni.

„Við eru stolt af þessu. Það er ekkert sem hamlar okkur í því að halda MMA-keppni heima á Íslandi en það má samt segja að okkur skorti enn þá hluti í kringum umgjörðina hjá okkur. Við þurfum ekkert að finna upp hjólið í þeim efnum heldur getum bara horft til Noregs eða Svíþjóðar. Uppbyggingin sem hefur orðið á undanföllum árum er mikil, við erum rosa stolt og ánægð með aðstöðuna og áhugann á íþróttinni. Vonandi helst það bara.“

Haraldur segir hins vegar að hafa verði eina grundvallarreglu í huga varðandi íþróttina og starfið hjá Mjölni. „Það er bannað að vera fáviti, eins og hljómsveitin Dimma segir. Slagsmálhundar eiga ekkert erindi í þetta sport. Við gerðum okkur grein fyrir því þegar við fórum af stað með þetta að það yrði ásókn frá hópi fávita í starf okkar, hópi sem vill vera góður í að berja fólk, og slíkir einstaklingar eiga heima fyrir utan íþróttina. Þeir einstaklingar vilja beita ofbeldi.“

Haraldur segir einstaklinga sem tilheyra þessum hópi hafa reynt að komast að hjá Mjölni. „Við vorum svakalega harðir á þessu og vísuðum mönnum frá. Þessir einstaklingar fara inn í þetta á röngum forsendum og eiga ekkert erindi í okkar starf, ég vil ekki sjá þá og þeir eru ekki velkomnir í Mjölni.“ ■



Það er bannað að vera fáviti, eins og hljómsveitin Dimma segir. Slagsmálhundar eiga ekkert erindi í þetta sport.

## Lokað í dag föstudaginn 18. mars vegna starfsmannafundar

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Viðskiptavinum er bent á að gagnlegar upplýsingar er að finna á [skatturinn.is](http://skatturinn.is)



Spennan er að byggjast upp fyrir utan O2-höllina.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ARON

## Hundruð Íslendinga í O2-höllinni

aron@frettabladid.is

Búist er við að hundruð Íslendinga leggi leið sína til Lundúna og í O2-höllina á laugardaginn þar sem Gunnar Nelson snýr aftur í bardagabúrið á vegum UFC og mætir Takashi Sato. Heiðar Smith er einn af Íslendingunum sem eru á leiðinni út til Lundúna.

„Maður hefur heyrt af því að það sé fullt af fólki að fara að leggja leið sína til Lundúna,“ segir Heiðar í samtali við Fréttablaðið.

Þetta verður fimmti bardagi Gunnars sem Heiðar fer á en með honum í för verða þrjú vinir hans.

Heiðar er smeykur við andstæðing Gunnars en vonast auðvitað eftir því að Gunnar hafi betur.

„Ég held að hann (Sato) sé hættulegur standandi og með öflugum vinstri hönd en Gunnar var á sínum tíma að æfa mikið með Conor McGregor sem er einnig með öflugum vinstri og hann hefur pottþétt lært eitthvað af honum,“ segir Heiðar Smith í samtali við Fréttablaðið. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

FÖSTUDAGUR 18. mars 2022



Í apríl 2019, varð stórbruni í Notre Dame.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Nýir fornleifafundir í Notre Dame

jme@frettabladid.is

Fornleifafræðingar sem vinna við endurbyggingu á Notre Dame-kirkjunni í París uppgötvuðu nýlega áður óþekktar grafhvelfingar undir hinni 850 ára byggingu.

Ásamt grafhvelfingunum fundu þeir einnig blýkistu, líklega frá 14. öld. Einnig fundust hlutar af máluðum skúlptúrum sem hafa líklega verið hluti af röðugrind kirkjunnar, sem er skrautlegt skilrúm á milli kórsins og kirkjuskipsins. Aðrir hlutar af sama skilrúmi fundust við viðgerð kirkjunnar á 18. öld og eru geymdir á Louvre-safninu.

### Koddi úr laufum


Undir kirkjugólfinu fannst pyttur sem fornleifafræðingar telja að hafi verið grafinn í kringum 1230, þegar kirkjan var byggð. Í pyttinum fannst blýkistan sem áður var nefnd. Hægt var að smeygja myndavél inn í kistuna gegnum sprungu og skoða innihaldið. „Við fundum mjög vel varðveitt lík,“ sagði Christophe Besnier, fornleifafræðingurinn sem er yfir verkefninu. „Það var hægt að sjá hluta úr taufni, hári og umfram allt fannst koddi úr laufum ofan á höfðinu, sem tíðkaðist þegar trúarleiðtogar voru grafnir.“ Því er talið að leifarnar séu af háttsettum trúarleiðtoga. Sagnfræðingar vita að um 400 manns, meðal annars biskupar og erkibiskupar, eru grafnir í Notre Dame. ■



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

## ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR



Hljómsveitin ÞAU er skipuð listaparinu Garðari Borgþórssyni og Raket Björk Björnsdóttur. Fyrsta plata þeirra, ÞAU taka Vestfirði, kom út í síðustu viku og inniheldur tólf lög sem öll eru samin við gömul vestfirsk ljóð sem veita innsýn í sögu, menningu og líf fólks í landinu á ólíkum tímum. MYND/ADSEND

# Perlur úr leyndum fjársjóðum

Hljómsveitin ÞAU gaf út fyrstu plötu sína í síðustu viku en sveitin er skipuð listaparinu Raket Björk Björnsdóttur og Garðari Borgþórssyni. Frumsamin lög við gömul ljóð vestfirskra skálda er uppistaðan í tónlist sveitarinnar. ÞAU halda tónleika í næsta mánuði. **2**



Starri Freyr  
Jónsson  
starri  
@frettabladid.is

Frumsamín lög við gömul ljóð vestfirskra skálda er uppistaðan í tónlist hljómsveitarinnar ÞAU sem er skipuð listaparinu Raket Björk Björnsdóttur og Garðari Borgþórssyni, eða Gadda. Sveitin bauð upp á tónleikaröðina ÞAU taka Vestfirði í fyrrasumar og í síðustu viku kom út fyrsta plata þeirra sem einnig ber nafnið ÞAU taka Vestfirði og inniheldur tólf lög sem öll eru samín við gömul vestfirsk ljóð.

„Við Gaddi höfum verið að vinna saman í alls konar tónlistarverkefnum frá því að við kynntumst fyrir þremur árum í Borgarleikhúsinu þar sem ég starfa sem leikkona og Gaddi sem hljóðmaður. Við erum sálufélagar í lífi og list en það má segja að samstarf okkar hafi þróast mjög fallega, úr góðri vináttu yfir í djúpa ást og væntumþykju. Við vinnum bæði í að búa til leikhús og segja sögur en það er einmitt eitthvað sem smitast að mörgu leyti inn í tónlistina sem við semjum,“ segir Raket, sem er söngkona sveitarinnar.

### Veita innsýn í líf fólks

Vestfirsku textarnir, sem sumir eru nær aldar gamlir, veita innsýn í sögu, menningu og líf fólks í landinu á ólíkum tímum sem er áhugavert að spegla sig í, segir Gaddi, sem leikur á gítar. „Ljóðin sóttum við í bækur úr Bókasafni Hafnarfjarðar sem sumar voru geymdar í kjallara safnsins eins og leyndir fjársjódir. Það má segja að textarnir fleyti lögunum áfram í eins konar sögumannsstíl. Ljóðlist, tónlist og leiklist sameinast en við sækjum mikinn innblástur í Nick Cave, Tom Waits og The Kills. Meðal ljóðahöfunda má nefna Höllu skáldkonu Eyjólfsdóttur, Jón úr Vör, Eirík Örn Norðdahl, Guðmund Inga Kristjánsson, Herdís og Ólínu Andrésdætur, Jakóbínu Sigurðardóttur, Ólínu Þorvarðardóttur, Steingerði Guðmundsdóttur, Stein Steinarr og Tómas G. Geirdæling.“

### Rétt að byrja

Þau segja hugmyndina hafa orðið til í samstarfi við góðan vin þeirra, Ingimar Ingimarsson, sem er búsettur á Reykhólum á Vestfjörðum. „Við fengum styrk frá Tónlistarsjóði til að fara í tónleikaferðalag um Vestfirði þar sem upprunalega stóð til að flytja tónlist eftir vestfirsk tónskáld. Verkefnið vatt síðan upp á sig og áður en við vissum af vorum við búin að semja tólf lög við ljóð eftir vestfirsk skáld. Bústaður ömmu og afa nýttist okkur sérstaklega vel við lagasmíðarnar. Okkur finnst fátt betra en að hafa það notalegt í bústað, semja tónlist saman, fara í pottinn og elda góðan mat. Þessi lög eru fyrsta efnið sem við semjum saman og gefum út sem hljómsveitin ÞAU og við erum hvergi nærri hætt, bara rétt að byrja,“ segir Raket.

Tónleikaferðalagið í fyrrasumar gekk vonum framur að þeirra sögn og fór langt fram úr væntingum þeirra. „Við höldum fjórtán tónleika á alls konar stöðum, allt frá pinulitlum sveitakirkjum yfir í stór samkomuhús. Áhorfendur voru yfir sig hrifnir og mjög þakklátir fyrir að fá að heyra nýja tónlist með ævintýrlegum og djúpum textum á íslensku,“ bætir Gaddi við.

### Tryllt leiksýning

Raket leikur um þessar mundir í Bubba Morthens-söngleiknum 9 líf. Þar fer hún með hlutverk unga Bubba Morthens og eiginkvænna hans. „Það er ótrúlegt ævintýri að fá að leika í stórsýningu sem þessari með frábærum og reynslumiklum leikurum. Leikhópurinn er þéttur, sýningin hefur mikið hjarta og við



„Við erum sálufélagar í lífi og list en það má segja að samstarf okkar hafi þróast mjög fallega, úr góðri vináttu yfir í djúpa ást og væntumþykju,“ segir Raket um samband þeirra Garðars.



ÞAU halda tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði 6. apríl þar sem þau munu flytja lögin af nýju plötunni. Með þeim á tónleikunum verður pianóleikarinn Agnar Már Magnússon.

**77**  
Við höldum fjórtán tónleika á alls konar stöðum, allt frá pinulitlum sveitakirkjum yfir í stór samkomuhús. Áhorfendur voru yfir sig hrifnir og mjög þakklátir.

Gaddi

flæðum um á sviðinu í fullkomnu trausti. Þetta er eiginlega alveg tryllt,“ segir Raket. „Sum kvöld kemur hún heim svo uppveðruð eftir sýningar að stundum er ég ekki alveg viss hvort ég búi með Raket eða Bubba Morthens,“ segir Gaddi og hlær.

### Góðir gestir á plötunni

Nýja platan var tekin upp og framleiddi mestmegnis í heimastúdíói sveitarinnar í Hafnarfirði. Gaddi sá um upptökur og mix en hljóðheimurinn er frekar einfaldur og hrár að þeirra sögn. „Góðir vinir okkar og samstarfsfélagar koma einnig fram á plötunni. Hjörtur Ingvi Jóhannsson spilar á píanó og Aron Steinn Ásbjarnarson spilar á saxófón en þeir eru báðir í hljómsveitinni í 9 líf. Ég segi iðulega við Aron að vera dálítið „saxi“ í gríni áður en við förum inn í Rómeó og Júlíu eftir hlé á sýningum,“ bætir Raket við.

### Tónleikar í Bæjarbíói

Sveitin mun halda tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði 6. apríl þar sem hún mun flytja lögin af nýju plötunni. Með þeim á tónleikunum verður pianóleikarinn Agnar Már Magnússon. „Við erum ofboðslega stolt af þessu verkefni og hlökkum til að eiga dýrmæta stund með áhorfendum og flytja nýju lögin okkar.“

Hægt er að hlusta á útgefin lög á Spotify og fylgjast með hljómsveitinni ÞAU á thauduet.com, á Facebook (thauduet) og á Instagram (thauduet). ■

Miðasala á tónleikana er á tix.is.



„Við erum ofboðslega stolt af þessu verkefni og hlökkum til að eiga dýrmæta stund með áhorfendum og flytja nýju lögin okkar,“ segir Raket um tónleikana í næsta mánuði.



Raket leikur í söngleiknum 9 líf. Þar fer hún með hlutverk unga Bubba Morthens og eiginkvænna hans.

MYND/GRÍMUR BJARNASON



„Það er ótrúlegt ævintýri að fá að leika í stórsýningu sem þessari með frábærum og reynslumiklum leikurum,“ segir Raket um sýninguna 9 líf.

MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Hafðu AKU með í valinu



AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

AKU Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, sitt hvor stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

# GG SPORT

## Stingum af ...



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg\_sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-15

# Leyndardómar bragðsprengjunnar



Sjöfn  
Þórðardóttir  
sjofn  
@frettabladid.is

Árni Bergþór Hafdal Bjarnason og konan hans, Guðný Sif Jóhannsdóttir, eiga og reka veitingastaðinn Samúelsson í mathöllinni nýju á Selfossi sem var opnuð síðastliðið sumar og hýsti áður Mjólkurbú Flóamanna.

Guðný Sif er menntaður sjúkraliði en að sögn Árna hefur hún komið gríðarlega sterk inn sem þjónn og rekstraraðili. Árni er iðnmeistari í matreiðslu og starfaði fyrir ævintryið í mathöllinni sem vaktstjóri á Grand Hótelu. Samúelsson hefur slegið í gegn og fengið lof fyrir matargerðina og alla umgjörð í framsetningu.

Nafnið á staðnum, Samúelsson, er vísun í Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, sem á heiðurinn af að hafa teiknað Mjólkurbú Flóamanna, Hallgrímskirkju, Landsbankann og fleiri merkar byggingar og er skemmtilegt að veitingastaðurinn sé nefndur í höfuðið á arkitekt hússins sem staðinn hýsir.

„Guðjón Samúelsson var húsameistari ríkisins árin 1920-1950 og teiknaði mörg þekktustu kennileiti Íslands, til að mynda Landsbankahúsið hér á Selfossi og gamla Mjólkurbú Flóamanna sem hefur verið endurreist sem mathöll á Selfossi. Fannst okkur því viðeigandi að taka nafnið Samúelsson og beintengja okkur þannig beint við uppruna hússins,“ segir Árni.

## Stukku á tækifærið

Aðspurður segir Árni það hafa verið ótrúlega tilviljun að fá þetta pláss í gamla mjólkurbúinu. „Ég sótti um ónefnt starf innan mathallarinnar nokkrum mánuðum fyrir opnun og hafði ekkert heyrt frá þeirri umsókn þar til ég fékk samtalið einum og hálfum mánuði fyrir áætlaða opnun þar sem mér var tilkynnt um góðar og slæmar fréttir,“ segir Árni. „Slæmu fréttirnar voru að ég fékk ekki starfið en góðu fréttirnar að stærsti veitingabásinn væri enn tómur og þeir vildu fá nýjan leikmann inn sem væri til í að uppfylla ákveðin skilyrði og koma með það sem sárlega vantaði inn í mathöllina. Við stukkum á tækifærið og tveimur mánuðum seinna vorum við orðin eigendur að veitingastað í nýja miðbænum á Selfossi.“

Hálfán Pedersen og Þórður Orri Pétursson hönnuðu básinn, þeir sömu og hönnuðu Burro, Dill Restaurant og Kex Hostel. „Þeir komu mjög sterkir inn og eiga allan heiður af útliti bássins. Innblástur-



Kjúklingasalatið með hoisinsósunni nýtur mikilla vinsælda á Samúelsson.

MYNDIR/SJÖFN



Lítt þekkt „leyndarmál“ er að bestu sætin í húsinu eru á barnum okkar, sem allt of fáir nýta sér, segir Árni.



Mathöllin á Selfossi er í nýja miðbænum.



Árni segir að ótrúleg tilviljun hafi ráðið því að hann hafi opnað veitingastaðinn Samúelsson í nýju mathöllinni á Selfossi.

ferskleika og mikið af jurtum, til að mynda sprettur. Við leggjum okkur fram við að koma matreiðsluáferðum í stýrða verkferla þar sem bragðið og eldunin klikkar ekki. Í stað þess að salta allt sem fer á pönnuna þá kemur saltið af glaze sem verður alltaf eins, í stað þess að treysta tilfinningunni um að fiskurinn sé tilbúinn þá notum við kjarnhitamæli, í stað þess að sula víni í glas þá notum við 150 ml skammtara. Ef þú kemur til okkar í dag og færð frábæran mat og drykk, þá átt þú að geta treyst því að þú getir komið til okkar aftur eftir tvo mánuði og fengið jafn góðan mat og drykk,“ segir hann.

„Stefna okkar er að fara fram úr væntingum og gerum við það með ýmsu móti, til dæmis með því að vera með mun flottari og betri mat en fólk gerir ráð fyrir í mathöll, að bera til borðs þó það tíðkist ekki í mathöllum, að bjóða góðan dag og útskýra alla rétti niður í kjölinn svo fátt eitt sé nefnt, en að fara fram úr væntingum er erfitt að setja í mælieiningu, þetta eru margir litlir hlutir gerðir vel og oft.“

Árni segir að þau séu í raun ekki að vinna með neina sérstaka matarstefnu, þau geri bara góðan mat, bjóði upp á veglega skammta og stöðugleika. „Matseðillinn okkar samanstendur af kálfa-ribeysteik, steikarsamlöku, fiskrétti vikunnar, spjóti mánaðarins, óhefðbundnu kjúklingasalati ásamt hraunköku og affogato í desert. Við erum einnig með kokteilaseðil, úrval af rauðvíni, hvítvíni, prosecco og bjór á krana.“

Lítt þekkt „leyndarmál“ er að bestu sætin í húsinu eru á barnum okkar, sem allt of fáir nýta sér. Við sáum alltaf fyrir okkur að það yrði barist um þessi sæti. Þar er hægt að sitja og fylgjast með kokkunum leika listir sínar í hálf opnu eldhúsi og þar er líka besta útsýnið endilangt yfir alla mathöllina ásamt því að vera ávallt í nálægð við þjón og barþjón sem elska að dekra við fólk í þessum sætum.“

## Bragðsprengjan sem gleður

Við fengum Árna til að deila með lesendum hoisinsósú Samúelsson sem borin er fram með mörgum réttum, þó einna helst í kjúklingasalatinu. „Þetta er varla réttnefni því ég breytti venjulegri hoisinsósú alveg töluvert til að gera hana lágkolvetna/ketó til að hafa hana aðeins hollari og geta boðið upp á ketó salat. Þessa sósú er hægt að nota sem kalda salatdressingu, út á stírfry og í raun bara á allt grænmetistengt, þetta er alger bragðsprengja og þarf því ekki að salta neitt þar sem þessi sósú kemur við sögu.“

## Hoisinsósa Samúelsson

200 g sojasósa
200 g möndlusmjör
50 g hrísgrjónaedik
10 g hvítlaukur
15 g rautt miso
35 g sesamolía
150 g bragðlaus olía (ekki jómfrúarolía)

Allt hráefnið nema sesamolían og bragðlaus olían sett saman í blandara/matvinnsluvél (eða skál og unnið saman með töfrasprotu). Þegar hvítlaukurinn er orðinn vel maukaður saman við allt annað má byrja að hella olíunum hægt og rólega saman við blönduna á meðan blandarinn (eða annað tæki sem þú kýtst að nota) vinnur, líkt og þegar majónes er búið til. Tilbúinn með geggjudu umami og bragðsprengjusósa sem er góð með nánast öllu sem bragðlaukarnir gírnast. ■

## Náttúruleg slökun & góður nætursvefn

**Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?**

Slakandi blanda sem inniheldur **Magnoliu börk** og **Íslensk fjallagrös**

**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS

**sofðu rótt**

Hrein Magnolia með fjallagrös

60 HYLKI|FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörusvun og flestum stórvörumörkuðum.

**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS

inn kemur frá liðnum tímum og mér skilst að þeir hafi skemmt sér vel í ferðalagi þar sem þeir fóru á alla bestu nytjamaðkaði í Evrópu til að finna innanstokksmuni og annað í mathöllina.“

## Staður með áherslu á gæði

Það sem vantaði sárlega í höllina var staður með áherslu á gæði, fullbúinn gæða borðbúnað, gæða

matarvín, kokteila og eftirrétti til þess að gera höllina fullbúna fyrir allar þarfir fjölskyldunnar, jafnt viðskiptamanna sem ferðamanna. „Aðaláherslan í matargerðinni er einföld,“ segir Árni og bætir við að boðið sé upp á lítinn matseðil en afar góðan mat. „Við erum einungis að taka inn fyrsta flokks hráefni og reynum að gera þetta öðruvísi. reynum að hafa mikla líti, mikinn



# Vorútsala í Curvy

## 30% afsláttur

Af völdum vörum

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

Opið í verslun Curvy við Grensásveg alla virka daga

frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16



Peysukjöll  
8.393 kr  
11.990 kr



Vesti  
10.493 kr  
14.990 kr



Úlpa  
7.693 kr  
10.990 kr



Peysa  
6.993 kr  
9.990 kr



Leggings  
6.293 kr  
8.990 kr



Rennd peysa  
6.993 kr  
9.990 kr



Gallaskyrta  
6.993 kr  
9.990 kr



Joggingbuxur  
6.783 kr  
9.690 kr



Úlpa  
13.993 kr  
19.990 kr



Peysukjöll  
6.993 kr  
9.990 kr



Peysa  
5.993 kr  
7.990 kr



Gallabuxur  
6.993 kr  
9.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg \* 108 RVK \* Sími 581-1552 \* [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

# Fjölbreytt frönsk skemmtun



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Þessa dagana stendur yfir Hátíð franskrar tungu. Á hátíðinni eru í boði fjölmargir viðburðir fyrir börn og fullorðna, eins og sýning um Litla prinsinn, spjall, kvikmyndasýning og vinnustofur. Á sunnudaginn verður svo sérstakur dagur tileinkaður Senegal.

Alliance Française í Reykjavík býður upp á Hátíð franskrar tungu í samstarfi við sendiráð Frakklands á Íslandi. Alþjóðlegur dagur franskrar tungu er 20. mars og Alliance Française um allan heim heldur daginn hátíðlegan.

„Sums staðar er bara fagnað á deginum sjálfum, sums staðar eru hátíðarhöld í viku, en við ákváðum að halda upp á franska tungu allan marsmánuð,“ segir Adeline D'Hondt, framkvæmdastjóri Alliance Française á Íslandi.

„Við byrjuðum 7. mars með opnun á sýningu um Litla prinsinn. Þetta er sýning á verkum úr bókinni, bæði á íslensku og frönsku. Við ákváðum að taka vináttuna fyrir en bókinn fjallar mikið um vináttu. Við tókum fyrir síður úr bókinni þar sem fjallað er um vináttu Litla prinsins, til dæmis við blóm og við flugmanninn. En þau sem þekkja söguna vita að hún snýst mikið um samtöl litla prinsins við persónur sem hann hittir.“ útskýrir hún.

„Í lok sýningarinnar bjóðum við gestum að skrifa á post-it-miða hvað vináttan þýðir fyrir þá.“

Sýningin um Litla prinsinn stendur yfir til 26. mars og er haldin í húsnæði Alliance Française á Tryggvagötu 8. En þar fara flestir viðburðir hátíðarinnar fram.

## Dagur tileinkaður Senegal

„Á sunnudaginn verður Senegal-dagurinn en þá verður heilmikið um að vera. Við verðum með matreiðslunámskeið fyrir börn þar sem þau læra að elda fatayas-kleinar. Svo verður hægt að smakka Yassa sem er sérstakur réttur frá Senegal,“ segir Adeline.

„Það verður líka hægt að prófa djembe-trommur og margt fleira. Svo kemur sölumaður frá Senegal sem er alltaf með bás í Kolaportinu til okkar og verður með litinn bás hér í Alliance Française. Um kvöldið verður svo ókeypis sýning á franskri heimildarmynd í boði sendiráðs Kanada.“

Myndin sem um ræðir er Je m'appelle humain eftir Kim O'Bomsawin, en hún hefur unnið til verðlauna á kanadískum kvik-



Adeline D'Hondt, framkvæmdastóri Alliance Française, fagnar franskri tungu um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

”**Það er heil vika af viðburðum fram undan fyrir bæði börn og fullorðna.**

Adeline D'Hondt



Frá Senegal-deginum í fyrra.

MYND/ADSEND

myndahátíðum. Hún verður sýnd með enskum texta.

„Það er ókeypis inn en það þarf að skrá sig á af.is. Myndin byrjar 18.30 og það verður boðið upp á léttar veitingar og léttvinsglas.“

## Vika af viðburðum fram undan

Það verður líka nóg um að vera í næstu viku en Adeline nefnir meðal annars pub-quiz sem verður haldið á Kex.

„Það verður haldið á fimmtudaginn. Það verða spurningar um

menningu frönskumælandi þjóða. Svo erum við líka með eins konar heimspekilegt „happy hour“. Rit höfundur Litla prinsins, Antoine de Saint Exupéry, hefur skrifað fjölda annarra bóka og 26. mars, verða umræður yfir vönglasi um bókina Terre des Hommes,“ segir hún.

„Þetta verður ekkert formlegt, bara létt spjall um heimspekilegar hugmyndir í bókinni. Við bjóðum fólki að koma og fá sér drykk og lesa kannski eina eða tvær síður úr bókinni og ræða efnið. Það er heil



Kátir krakkar á franskri hátíð í fyrra.

MYND/ANTOINE MÉRA

vika fram undan af viðburðum fyrir bæði börn og fullorðna.“

Flestir viðburðirnir á Hátíð franskrar tungu eru ókeypis en Adeline segir að fyrir nokkra þurfi að borga lágt verð.

„Það eru allir velkomnir að mæta og það er ekki nauðsynlegt að skilja frönsku á öllum viðburðum. Sumir þeirra eru á íslensku og aðrir, eins og bíómyndin, eru með enskum texta. En það er hægt að lesa nánar um alla viðburðina á vefsíðunni okkar, af.is,“ upplýsir hún. ■

## SJÁLFBÆR REKSTUR

Föstudaginn 25. mars gefur Fréttablaðið, í samstarfi við Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð, út sérblaðið Sjálfbær rekstur.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um auglýsingar og umfjallanir fyrir blaðið veitir;

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími: 550-5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



# Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!



**GG**  **SPORT**

**Stingum af ...**

Fæst einnig í: **Ísfell verslun** & **Útisport**  
Húsavík Akureyri



@ggsport.is



@gg\_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

## Bílar & Farartæki



### GLÆNÝR VSK - TOYOTA PROACE CITY DÍSEL

TOYOTA Proace City. Dísel, beinskíptur. Verð aðeins kr.3.577.000. án vsk. Rnr.110188. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bilasölu, Skeifunni 3c. Til afhendingar strax! Endilega hringið og bókið skoðunartíma s:888-3715.



### GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÖTRULEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr í ábyrgð!!! 100% rafmagn. Sjálfskíptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 90% láni. FLEIRI LITIR Í BODI! VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120654 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bilasölu - Skeifunni 3c. S:888-3715.

Aðalkaup - Bilasala  
Skeifan 3C, 108 Reykjavík  
Sími: 888 3715  
[adalkaup@adalkaup.is](mailto:adalkaup@adalkaup.is)  
<http://adalkaup.is>



Nýr 2022 Ford Transit 350 Trend Double Cab 7 manna með palli. Þessir bílar eru ófánlegir í dag en við eigum þennan til afhendingar strax! Sumar og vetrardekk. Verð: 5.500.000 án vsk.

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)

## Bílar til sölu



M.B. Sprinter 519 CDI 4x4 kipper árg. 2021 Ekinn 950 km. Með hliðarsturtum. Sjálfskíptur. Vel búin bifreið. Uppl. 8201071 kaldasel@islandia.is

## Þjónusta

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

### Húsviðhald

#### FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNAR MÚRARI EHF  
S 774-3800  
HÚSAVIÐGERÐIR  
MÚRVIÐGERÐIR  
STEYPUVIÐGERÐIR  
ENDURHRAUNA  
TRÖPPUVIÐGERÐIR  
MÁLNINGARVINNA  
ÞAKMÁLUN  
FLÍSALAGNIR  
o.m.fl.  
40 ára reynsla í utanhúsviðhaldi  
Tilboð þér að kostnaðarlausu  
<https://runarmurari.is/>  
[runarmurari@gmail.com](mailto:runarmurari@gmail.com)  
VSK 135377

### Rafvirkjun

#### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204



Mobility.is

Hjól og hjólpertæki, sala og leiga

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut



## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## Atvinna

### Atvinna í boði

Stýrimann vantar á Jóhönnu Á.R.206 á sæbjúgnaveiðar Uppl. veitir Jón í síma 841-0863.

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

### Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Arna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

## Styrkir til grunnnáms í listdansi

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um rekstrarstyrki vegna grunnnáms listdansksskóla fyrir árið 2022. Styrkjunum er ætlað að efla framboð grunnnáms í listdansi. Þeir skólar sem geta sótt um styrk þurfa að sýna fram á að þeir kenni listdans samkvæmt aðalnámskrá fyrir listdansksskóla. Heildarstyrkfjárhæð er 14,6 m.kr. sem mun skiptast niður eftir heildarfjölda nemenda þeirra skóla sem sækja um styrk og uppfylla fyrrgreint skilyrði.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um fyrirkomulag og aðstöðu til kennslu, fjölda nemenda í grunnnámi í listdansi, faglega getu og fjárhagslega stöðu.

Umsókn með leiðbeiningum er að finna í frétt á vef ráðuneytisins: [mrn.is](http://mrn.is).

Umsóknir sendist á netfangið [mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is) og er umsóknarfrestur til og með 13. apríl 2022.

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár



HAGVANGUR

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

# Tveir í sérflokkki í titilbaráttunni

Fjórum mánuðum eftir að úrslitin réðust á síðustu sekúndum eins æsilegasta lokasprets sögunnar hefst titilvörn Max Verstappen í Formúlu 1 í Barein um helgina. Langflestir verða með augastað á baráttu Verstappen og Lewis Hamilton eftir dramatík síðasta árs.

kristinnpall@frettabladid.is

**FORMÚLA 1** „Alveg fram á síðasta dag leit Ferrari langbest út á æfingunum. Mín spá er sú að í upphafi tímabilsins verði Red Bull og Ferrari skrefinu á undan Mercedes en Mercedes-bíllinn er með rosalega mikinn kraft og gæði sem þeir þurfa að ná að sækja út úr bílnum,“ segir Kristján Einar Kristjánsson, lýsandi Formúlu 1 á Viaplay og hlaðvarpsstjórnandi Pittsins, hlaðvarps um Formúlu 1, aðspurður hvort það yrði tveggja hesta kapphlaup að nýju í Formúlu 1 þetta árið eða hvort önnur lið gætu blandað sér í baráttuna.

Það eru tólf ár liðin síðan annað lið en Red Bull og Mercedes vann meistaratitilinn og undanfarin ár hefur Mercedes verið í sérflokkki, þar til Verstappen tókst að stöðva sigurgöngu Hamilton á síðasta ári.

Ólíklegt er að aðrir ökuþórar og framleiðendur geri atlgöu að titlinum í ár þar sem liðin virðast í sérflokkki.

„Það var afar stór reglubreyting sem átti sér stað á milli ára þegar kemur að hönnun bílanna sem hefur áhrif á frammistöðu bílanna á beinu köflunum. Mercedes hefur átt erfitt uppdráttar með flöktið á



Þegar þeir finna lausn á þessu er þessi bíll sem Mercedes er með algjört skrimsl.

Kristján Einar Kristjánsson, lýsandi Formúlu 1 á Viaplay og hlaðvarpsstjórnandi Pittsins.



bílunum á beinu köflunum (e. porpoisin) í upphafi árs og hefur fyrir vikið ekki náð að fullnýta krafta bílsins á meðan þetta vandamál er enn til staðar. Þegar þeir finna lausn á þessu er þessi bíll sem Mercedes er með algjört skrimsl.

Þess vegna skiptir öllu máli fyrir Verstappen að byrja tímabilið vel, helst vinna fyrstu keppnirnar, því það veit enginn hversu öflugur þessi Mercedes-bíll verður þegar þeir ná að hámarka getu bílsins,“ segir Kristján. ■



Vill bæta met Schumacher

Lewis Hamilton mætir aftur til leiks eftir að hafa misst áttunda heimsmeistaratitilinn úr greipum sér á lokametrunum í fyrra og er eflaust hungraðri en nokkru sinni. Hann vantar enn einn heimsmeistaratitil til að verða sigursælasti ökuþór allra tíma og skjótast fram úr Michael Schumacher. „Ég hugsa að hann hafi ekki verið hungraðri í langan tíma, í raun frá fyrsta meistaratitlinum. Hann er ekki í þessu út af peningunum, heldur til að skilja eftir sig arfleifð sem besti ökuþór allra tíma. Hann er handhafi allra meta, nema að hann deilir metinu yfir flesta heimsmeistaratitla með Michael Schumacher,“ segir Kristján, aðspurður hvernig hugarfar Hamilton sé eftir vonbrigði síðasta árs.

„Um leið og honum tekst að bæta metið er ekki lengur hægt að rifast um það hvort hann sé besti ökuþór allra tíma.“



Pressan nær ekki til hans

Augu flestra verða á hinum nýkrýnda heimsmeistara, Max Verstappen, í upphafi árs og hvernig honum og Red Bull tekst að fylgja eftir fyrsta heimsmeistaratitli ökuþóra Hollendingans. Verstappen tókst að stöðva sigurhrinu Hamilton á síðasta tímabili og eygir nú að verða sautjándi maðurinn með fleiri en einn heimsmeistaratitil ökuþóra. „Ég held að þessi pressa hafi ekki áhrif á Max. Hann virðist hafa verið fæddur að eigin mati til að verða heimsmeistari og honum finnst þessi pressa bara eðlileg. Pressan verður kannski helst á honum að nýta forskotið sem Red Bull virðist vera með í upphafi tímabils, miðað við æfingarnar,“ segir Kristján.

„Í þessum slag á milli Verstappen og Hamilton hugsa ég að það sé mikilvægt fyrir Verstappen að byrja vel því Mercedes-bíllinn leit ekki jafn vel út á æfingunum, þó að það gæti auðvitað hafað breyst.“

## Liðin sem keppa í ár í Formúlu 1

### Oracle Red Bull Racing

1 Max Verstappen  
141 keppnir, 20 sigur  
60 x á verðlaunapall  
HOL

11 Sergio Perez  
213 keppnir, 2 sigur  
15 x á verðlaunapall  
MEX

Bill: Red Bull RB18

### Mercedes AMG Petronas

44 Lewis Hamilton  
288 keppnir, 103 sigur  
182 x á verðlaunapall  
BRE

63 George Russell  
60 keppnir  
1 x á verðlaunapall  
BRE

Bill: Mercedes F1 W13

### Scuderia Ferrari

55 Carlos Sainz Jr  
140 keppnir  
6 x á verðlaunapall  
SPA

16 Charles Leclerc  
80 keppnir, 2 sigur  
13 x á verðlaunapall  
MON

Bill: Ferrari F1-75

### McLaren

3 Daniel Ricciardo  
210 keppnir, 8 sigur  
32 x á verðlaunapall  
AUS

4 Lando Norris  
60 keppnir  
5 x á verðlaunapall  
BRE

Bill: McLaren MCL36

### BWT Alpine F1

14 Fernando Alonso  
333 keppnir, 32 sigur  
98 x á verðlaunapall  
SPA

51 Esteban Ocon  
89 keppnir, 1 sigur  
3 x á verðlaunapall  
FRA

Bill: Alpine A522

### Scuderia AlphaTauri

10 Pierre Gasly  
86 keppnir, 1 sigur  
3 x á verðlaunapall  
FRA

22 Yuki Tsunoda  
21 keppnir  
0 x á verðlaunapall  
JAP

Bill: AlphaTauri AT03

### Aston Martin Aramco Cognizant

5 Sebastian Vettel  
279 keppnir, 53 sigur  
122 x á verðlaunapall  
BYS

18 Lance Stroll  
100 keppnir  
3 x á verðlaunapall  
KAN

Bill: Aston Martin AMR22

### Williams Racing

25 Alexander Albon  
38 keppnir  
1 x á verðlaunapall  
THA

6 Nicholas Latifi  
39 keppnir  
1 x á verðlaunapall  
KAN

Bill: Williams FW44

### Alfa Romeo ORLEN

24 Guanyu Zhou  
Nýliði  
KIN

77 Valtteri Bottas  
178 keppnir, 10 sigur  
67 x á verðlaunapall  
FIN

Bill: Alfa Romeo C42

### Haas F1

47 Mick Schumacher  
22 keppnir  
0 x á verðlaunapall  
BYS

20 Kevin Magnussen  
119 keppnir  
1 x á verðlaunapall  
DAN

Bill: Haas VF-22

# Aðalfundur VR

Aðalfundur VR verður haldinn mánudaginn 28. mars 2022 kl. 19.30 á Hilton Reykjavík Nordica.

Fundurinn fer fram bæði sem staðfundur og fjárfundur í senn. Félagar sem ætla að sækja fundinn verða að skrá sig fyrirfram fyrir kl. 12.00 á hádegi á fundardegi.

Allar kosningar á fundinum verða rafrænar og fundargögn sömuleiðis. Mikilvægt er að öll sem mæta á fundinn hafi meðferðis viðeigandi búnað (tölvu eða snjalltæki) til þess að geta tekið þátt í kosningum.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, reglugerðarbreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð.

Skráning, dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á [vr.is/adalfundur](http://vr.is/adalfundur)



## Merkisatburðir

- 1871** Parísarkommúnan er stofnuð.
- 1922** Mahatma Gandhi er dæmdur í sex ára fangelsi á Indlandi fyrir borgaralega óhlýðni. Hann situr í fangelsi í tvö ár.
- 1926** Útvarpsstöð tekur formlega til starfa í Reykjavík. Hún hættir fljótlega, en í kjölfarið hefur Ríkisútvarpið útsendingar 1930.
- 1971** Hæstiréttur Danmerkur kveður upp úrskurð sem gerir dönsku ríkisstjórninni kleift að afhenda Íslendingum handrit sem geymd höfðu verið í Árnasafni í Kaupmannahöfn.
- 2003** Listi viljugra þjóða sem styðja afvopnun Íraks er birtur og er Ísland á honum. Tveimur dögum síðar hefst innrásin í Írak.
- 2004** Lið MR tapar í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, í fyrsta skipti síðan 1992. ■



Bróðir minn, mágur og frændi okkar,  
**Herbert Marinósson**  
frá Seyðisfirði,

lést á Hrafnistu Laugarási, Reykjavík,  
14. mars. Útför hans verður í kyrriþey.  
Við færum starfsfólki Miklatorgs  
á Hrafnistu sérstakar þakkir fyrir umönnun og hlýju.

**Höskuldur Marinósson**  
**Rúnar Sigþórsson**  
**Heiðar Þór Rúnarsson**  
**Oddur Már Rúnarsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Jóhanna Þorbjörg**  
**Arnoddsdóttir**

Ægisgötu 10, Akureyri,

lést 10. mars.

Útförin mun fara fram í kyrriþey að ósk  
hinnar látnu. Sérstakar þakkir eru til starfsfólksins á  
Dvalarheimilinu Hlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Sigurlaug Ólóf Guðmannsd.** **Rúnar Pálsson**  
**Arnoddur Guðmannsson**  
**Guðmann Guðmannsson** **Jasmin C. RuangAnant**  
**Helena Manasína Guðmannsd.**  
**Jóhann Guðmannsson** **Nareerat Joam**  
**ömmu- og langömmubörn.**



Elskulegur eiginmaður, faðir,  
tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Elías Kristjánsson**

fyrirverandi forstjóri Kemis ehf.

verður jarðsönginn frá Vídalinskirkju í  
Garðabæ föstudaginn 25. mars kl. 15.00.

**Lisbet Bergsveinsdóttir**

**Þórunn Ýr Elíasdóttir** **Guðni Már Egilsson**  
**Sigríður Guðnadóttir**  
**Eliás Guðni Guðnason** **Diljá Guðmundardóttir**  
**Einar Óli Guðnason** **Bryndis Þorleifsdóttir**  
**Ernir Freyr Guðnason** **Valdis Auður Arnardóttir**  
**Ellen Lisbet Guðnadóttir**  
**Egill Þór Guðnason**  
**Elena Guðný, Kristófer Örn, Sigurður Aron,**  
**Valgerður Guðný, María Ýr, Lisbet Anna**  
**Dagbjört Eysteinsdóttir og Kristján Jón Eysteinnsson**



Ástkær eiginmaður, tengdasonur,  
sonur okkar, barnabarn,  
bróðir, frændi og vinur,

**Ölvir Freyr Guðmundsson**  
kerfisstjóri,

lést þann 25. desember 2021 í Chicago.  
Minningarathöfn verður í Langholtskirkju

19. mars kl. 14.00. Minningarathöfnin er opin  
öllum þeim sem vilja minnast hans og sýna samhug.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.  
Innilegar þakkir til allra þeirra sem hafa sýnt okkur kærleik  
og stuðning. Ljúfar minningar munu ávallt lifa í hjörtum  
okkar um yndislegan dreng.

Minningarsíða: [https://minningar.is/memories/  
olvir-freyr-gudmundsson-1990-2021](https://minningar.is/memories/olvir-freyr-gudmundsson-1990-2021)

Streymi frá athöfninni: <https://laef.is/olvir-freyr/>

**Amy Marie Duncker**  
**Guðrún Gyða Ölvisdóttir** **Guðmundur Unnar Agnarsson**  
**og aðrir aðstandendur og vinir.**



Margrét hefur fengist við myndritstjórn í um 20 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Myndir og bækur

Margrét Tryggvadóttir flytur hádegiserindi í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag um myndritstjórn og myndefni í bókum.

[arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)

Myndritstjórnin og rithöfundurinn Margrét Tryggvadóttir flytur hádegisfyrirlestur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á morgun undir yfirskriftinni Myndir og bækur – heimildir og hliðarsögur. Þar mun Margrét veita hlustendum innsýn í vinnu sína sem myndritstjóri og hlutverk myndefni í bókum.

„Fyrir rúmum 20 árum fór ég að vinna hjá bókaforlagi þar sem ég var beðin um að taka að mér að vera myndritstjóri, án þess að vita nokkuð um hvað það var,“ útskýrir hún. „Það hafði aldrei verið neitt svoleiðis í föstu formi hjá bókaforlagi á Íslandi.“

Þrátt fyrir að bókaforlagið hafi skömmu síðar næstum farið á hausinn hélt Margrét áfram að sinna myndritstjórn til að kynna hlutverkinu betur og hefur gert það síðan ásamt öðrum störfum. Hún segir starfið fjölbreytt.



**Stundum er maður að grúska í gömlum ljósmyndum, á öðrum tímum er maður að aðstoða fólk sem er að setja saman ævisögu í að velja myndir úr eigin lífi, en þetta er alltaf skemmtilegt.**

„Stundum er maður að grúska í gömlum ljósmyndum, á öðrum tímum er maður að aðstoða fólk sem er að setja saman ævisögu í að velja myndir úr eigin lífi, en þetta er alltaf skemmtilegt,“ segir Margrét sem segir að ljósmyndir séu jafnframt frábærar heimildir. „Í síðustu bók eftir Lindu Ólafsdóttur og mig, Reykjavík barnanna, nýttum við okkur ljósmyndir til að búa til teikningar. Að

baki hverri einustu mynd þar er fjöldi ljósmynda.“

### Stafræn stökkbreyting

Ljósmyndaheimurinn hefur breyst mikið á undanförunum árum að mati Margrétar.

„Ljósmyndasöfnin eru komin með stóran hluta safnkostsins á netið og svo hefur þessi stafræna tækni gert alla leitarmiðlun svo miklu einfaldari en hún var fyrir aldamótin,“ segir hún. „Svo hafa margir stórir myndabankar sameinast og bætt skráningu myndefnisins til muna. Stundum var hægt að finna frábæra mynd en engar upplýsingar með.“

Við útgáfu bóka segir Margrét að rétt myndaval skipti höfuðmáli í starfi myndritstjóra.

„Það er hægt að skipta starfinu í þrennt. Það þarf að finna réttar myndir, passa upp á gæðin og svo eru það réttindamál,“ segir hún. „Það þarf að hafa góða yfirsýn og vita hvar rétta myndefnið er, sem getur verið mjög misjafnt eftir verkefnum.“

Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.10 og er aðgangur ókeypis. ■

**Þetta gerðist:** 18. mars 1990

## Stórtækur listaverkafjöfnadur í Boston

Það var snemma morguns þann 18. mars 1990 sem þrettán listaverkum var stolið frá Isabella Stewart Gardner safninu í Boston. Verðir á safninu hleyptu tveimur mönnum inn sem dulbúnir voru sem lögregluþjónar. Þjófarnir „handtóku“ verðina og eftir að hafa bundið þá létu þeir þá vita að þeir hygðust ræna safnið. Ræningjarnir létu svo greipar sópa um safnkostinn næsta klukkutímann.

Verkin sem þjófarnir höfðu á brott með sér voru ekkert slor en meðal þeirra voru verk eftir stórmeistara á borð við Rembrandt og Manet. Alríkislögregla Bandaríkjanna mat stuldinn upp á einar 500 milljónir dollara og grunar að ránið hafi verið framið af skipulögðum glæpasamtökum.



















Málið er enn í dag óleyst og hefur safnið heitið 10 milljónum Bandaríkjadala í verðlaun fyrir upplýsingar sem leiða til þess að verkin skili sér heim. Streymisveitan Netflix gaf í fyrra út heimildarmynd í fjórum hlutum um ránið: This Is a Robbery: The World's Biggest Art Heist. ■



Stormurinn á Galíleuvatni er eitt verkanna sem stolið var.

# VETRARDAGSKRÁ HRINGBRAUTAR

Nýir upplýsandi, fróðlegir og stundum  
ögrandi sjónvarpsþættir, hefja göngu  
sína í vetur.

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
					Dagskrá vikunnar er endursýnd alla helgina	
<b>FRÉTTAVAKTIN</b>	<b>FRÉTTAVAKTIN</b>	<b>FRÉTTAVAKTIN</b>	<b>FRÉTTAVAKTIN</b>	<b>FRÉTTAVAKTIN</b>		
Kl. 18.30 og kl. 20.30	Kl. 18.30 og kl. 20.30	Kl. 18.30 og kl. 20.30	Kl. 18.30 og kl. 20.30	Kl. 18.30 og kl. 20.30		
						
<b>DRAUGASÖGUR</b>	<b>MATUR OG HEIMILI</b>	<b>MARKAÐURINN</b>	<b>MANNAMÁL</b>	<b>ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ</b>		
Kl. 19.00 og kl. 21.00	Kl. 19.00 og kl. 21.00	Kl. 19.00 og kl. 21.00	Kl. 19.00 og kl. 21.00	Kl. 19.00 og kl. 21.00		
						
<b>UNDIR YFIRBORÐINU</b>	<b>ÚTKALL</b>	<b>SAGA OG SAMFÉLAG</b>	<b>SUÐURNESJA- MAGASÍN</b>	<b>DRAUGASÖGUR (e)</b>		
Kl. 19.30 og kl. 21.30	Kl. 19.30 og kl. 21.30	Kl. 19.30 og kl. 21.30	Kl. 19.30 og kl. 21.30	Kl. 20.00 og kl. 22.00		
						
<b>VÍSINDIN OG VIÐ</b>	<b>433</b>	<b>BÍÓBÆRINN</b>	<b>PRESSAN</b>			
Kl. 20.00 og kl. 22.00	Kl. 20.00 og kl. 22.00	Kl. 20.00 og kl. 22.00	Kl. 20.00 og kl. 22.00			

Þú finnur Hringbraut á:

Rás 9 á Sjónvarpi Símans

Rás 9 á myndlykli Vodafone

Stöð 2 appinu

Nova appinu

\*Birt með fyrirvara um breytingu



HRINGBRAUT

## Dagskrá

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmti-páttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Draugasögur (e)**
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)**

## RÚV Sjónvarp

- 09.10 HM í frjálsíþróttum innan-húss** Bein útsending
- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Útsvar 2009-2010** Dalvíkurbyggð - Reykjavík.
- 14.30 Tónstofan** Sverrir Guðjónsson.
- 14.55 89 á stöðinni**
- 15.10 Söngvakeppnin 2022** Úrslit.
- 17.25 Loftlagsþversögnin**
- 17.35 Hnappheldan Gift.**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Þorri og Þóra - vinir í raun**
- 18.14 Maturinn minn**
- 18.25 Matargat** Mexíkóveisla.
- 18.30 Stundin rokkar** Húsvík og umfjöllun um ábreiður.
- 18.35 Húllumhæ**
- 18.50 Lag dagsins** JóiPé og Króli - Þráhyggja.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Kastljós**
- 20.00 Gettu betur** Lið Menntaskólans í Reykjavík og Fjölbautaskólans í Garðabæ mætast í úrslitum.
- 21.05 Kanari**
- 21.25 Vikan með Gísla Marteini**
- 22.20 Liðhlaupinn - Fyrri hluti Der Überläufer** Þýsk kvikmynd í tveimur hlutum frá 2020. Myndin gerist árið 1944 og fjallar um Walter Proska, ungan þýskan hermann sem fer að efast um tilgang stríðsins og hver hinn raunverulegi óvinur er. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.45 Litil þúfa - Alex Wheatle Small Axe** Mynd um rithöfundinn Alex Wheatle sem var dæmdur í fangelsi eftir uppreisnina í Brixton 1981. Wheatle er af jamaískum uppruna og ólst upp í Suður-London.
- 00.50 Dagskrárlök**

## Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Bachelorette**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Carol's Second Act**
- 19.40 Black-ish**
- 20.10 The Bachelor**
- 21.40 The Bachelor**
- 23.10 American Made** Sannsöguleg kvikmynd frá 2017 með Tom Cruise í aðalhlutverki.
- 01.00 Five-Year Engagement**
- 03.00 Tónlist**

## Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 The O.C.**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Mr. Mayor**
- 09.50 Hell's Kitchen**
- 10.30 Making It**
- 11.15 Cherish the Day**
- 11.55 Rax Augnablik**
- 12.00 Framkoma**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Nei hættu nú alveg**
- 13.40 Ég og 70 mínútur**
- 14.10 BBQ kóngurinn**
- 14.30 Grand Designs**
- 15.15 The Bold Type**
- 15.55 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir**
- 16.30 Real Time With Bill Maher**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.40 Sportpakkinn**
- 18.55 Glaumbær**
- 19.25 Chaos Walking**
- 21.10 Honest Thief** Liam Neeson fer með aðalhlutverkið í þessari mögnuðu spennu-mynd frá 2020. Alræmdur bankaræningi sem þráir að lifa heiðvirðu lífi eftir að hann verður ástfanginn er svikinn af tveimur miskunarlausum alríkislögreglumönnum.
- 22.50 Doctor Sleep**
- 01.15 The Hangover 3** Gaman-mynd frá 2013 með Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms í aðalhlutverkum. Þetta er þriðja myndin um hið óborganlega Úlfagengi. Núna þurfa félagarnir að standa saman þegar einum úr hópnum er rænt.
- 02.50 The O.C.**
- 03.35 Mr. Mayor**
- 03.55 Hell's Kitchen**

## Birkir Már og Bjarki Már, formúlan og Gunnar Nelson

Íþróttavikan með Benna Bó er á dagskrá Hringbrautar í kvöld eins og aðra föstudaga en þar er alla jafna fjallað um allt það helsta í íþróttalífi landsmanna. Efni þáttarins í kvöld er fjölbreytt en Birkir Már Sævarsson og Bjarki Már Elisson fara yfir málefni íþróttamannvirkja í Laugardal, enska boltann og Meistaradeildina. Kristján Einar hitar upp fyrir formúluna sem hefst a morgun og Aron Guðmundsson sendir innslag frá London fyrir bardaga Gunnars Nelson.



## Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
		17			

## LÁRÉTT

- 1 einrækta  
5 vesal  
6 átt  
8 laska  
10 tveir eins  
11 kk nafn  
12 geymi  
13 sókn  
15 frumregla  
17 týna

## LÓÐRÉTT

- 1 slöngvi-kraftur  
2 ljósker  
3 bergmála  
4 mótspyrna  
7 bragðefni  
9 skralla  
12 kornél  
14 huglítill  
16 borðhald

LÁRÉTT: 1 klóna, 5 aum, 6 ný, 8 skadda, 10 ft, 11 fón, 12 haf, 13 fram, 15 lögmál, 17 glata.  
LÓÐRÉTT: 1 kastafi, 2 ljúkt, 3 óma, 4 andóf, 7 vanilla, 9 djamma, 12 hagi, 14 fóg, 16 át.

## Sudoku

	1	3	9				6	
2			7	4	8		9	1
8		4						2
		6		7				8
5						4		
			2	8	4	9	5	
	5			1		2	4	3
		1	4	5				9
	8		6					

			7	4				
8			9				2	
		4				3		9
			7			9	4	
9								2
		7	8	1		5		
7	9	4		2				8
	5			8		4		
4			9	6			3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



## Svaf ekki dúr eftir sigurinn

Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir hét Louise Elizabeth Ganeshalingam þar til hún var átta ára og heitir það enn í huga föðurfjölskyldunnar. Síðar tók hún alveg óvart upp listamanns-nafnið Lay Low sem passar henni vel enda lágstemmd og lítið fyrir sviðsljósið. Lay Low á lag og texta framlags Íslands í Eurovision í ár og segir sigurinn hafa komið sér gríðarlega á óvart.



## Pútín tók smám saman af okkur völdin

Steingrímur Arnason sem stjórnaði síðasta „frjálsa“ fjölmiðli Rússlands, Afisha Rambler, árin 2013-2014 upplifði það þegar Pútín og hans menn fóru að hafa afskipti af ritstjórnarstefnunni með beinum hætti og frjáls fjölmiðlun leið undir lok í landinu.



ÞAÐ MÁ EKKERT KLIKKA Í ÞESSUM TÚR!



NÝJAR HENDUR EHF/MARKELL PRODUCTIONS KYNNA Í SAMVINNU VIÐ SÝN/STÖÐ2 OG MYNDFORM

# Alra SÍÐASTA VEIÐIFERÐIN

KOMIN Í BIÓ

LAUGARÁS BIÓ SMÁRA BIÓ HÁSKÓLA BIÓ BORGAR BIÓ





Ungnautaribeye frá Hofstaðaseli

**5.498**  
kr./kg

**598**  
kr./pk.

Fullkomið  
á steikina



Spj krydd  
130 g

**598**  
kr./pk.



Smash style hamborgarar  
2x 120 g

**598**  
kr./pk.



Bernaissósa  
300 ml



**598**  
kr./pk.

Hamborgarakrydd  
120 g

**459**  
kr./pk.



Hamborgarasósa  
300 ml



Viltu franskar með?



**398**  
kr./pk.

Aviko steikarfrankar  
750 g

**BÓNUS**

Verð gildir til og með 20. mars eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Pizzuveisla um helgina...

...eða bara tilbúnar  
beint í ofninn



**459**  
kr./pk.

Súrdeigspizzadeig  
300 g



**795**  
kr./pk.

Rifinn pizzaostur  
400 gr



**398**  
kr./pk.

Frosnar Roncadin ítalsskar pizzur  
350 til 380 g



**698**  
kr./pk.

Crispy chicken strips  
350 g

**698**  
kr./pk.



Kók og kók zero  
6x 1ltr



**49**  
kr./stk.

Kók light stök dós  
330 ml  
Stuttur líftími

**859**  
kr./kg



Frosið lambasúpukjöt



**2.798**  
kr./kg



Frosið lambaprime




**398**  
kr./pk.



Lifræn ítölsk epli  
600-700 g

# Tjarnarvellir

## Velkomnir í 10-20 hópinn





Sigurður Andrean Sigurgeirsson og Saga Sigurðardóttir dansa í verkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ástin bæði það fallegasta og ljótasta sem maður upplifir

Lokasýningar Rómeó <3 Júlíu eftir Ernu Ómarsdóttur og Höllu Ólafsdóttur, í uppsetningu Íslenska dansflokksins, fara fram í Borgarleikhúsinu á miðvikudag og fimmtudag. Sýningar á verkinu hófust í október. Dansarar í verkinu segja sýninguna eftirsóttá erlendis og hefja sýningatúr til Noregs og Spánar í apríl.

ninarichter@frettabladid.is

Heimsfaraldur setti strik í reikninginn og seinkaði frumsýningu á dansverkinu Rómeó <3 Júlíu í uppsetningu Íslenska dansflokksins. Erna Ómarsdóttir og Halla Ólafsdóttir sömdu verkið með þýsku dansfélagi fyrir nokkrum árum en sýndu það loksins á Íslandi, með Íslenska dansflokknunum, í fyrrahaust. Sýningin var tilnefnd til hinna virtu Faust-sviðslistaverðlauna.

„Sem er rosalegt. Svo í rauninni var þetta verk tilbúið,“ segir Sigurður Andrean Sigurgeirsson dansari. „En svo vildu Arna og Halla taka það lengra og gera það með okkar líkómum og okkar sviðsframkomu.“

### Héldu áfram í heimsfaraldri

Aðspurður hvernig heimsfaraldur hafði áhrif á dansheiminn, svarar hann að lukkulega sé Íslenski dansflokkurinn íslensk ríkisstofnun og þannig hafi þau fengið að halda áfram sínu daglega starfi. „Við mættum á æfingar og í vinnuna

”

Ég held að Íslendingar viti ekki af því hversu vinsæll Íslenski dansflokkurinn er út á við.

Andrean

nema þegar var eitthvað mjög strangt samkomubann. Þess utan voru það eiginlega bara sýningarnar sem við gátum ekki sýnt.“

Saga Sigurðardóttir, meðdansari Andrean í verkinu, segir að útrásin við að setja jafn stóra sýningu á svið og raun ber vitni sé mikil veisla. „Hún er svo mikið fyrir augað og þetta er svo mikil dans- og leikhúsveisla. Sjónræn og líkamleg og rómantísk. Allar tilfinningar.“

Andrean tekur undir orð Sögu: „Hún er öfgafull og spilar á blæbrigði tilfinninga. Þetta fjallar um Rómeó og Júlíu, sem er þessi unga ást sem allir vita og þekkjá einhvern veginn,“ segir hann.

### Tjáning án orða

„Með sýningunni, og með dansinum, getum við teygst okkur í alla króka og kima tilfinninga sem ekki er hægt að tjá með orðum. Í samspili með þessari tónlist getum við með dansinum, annað en í leikhúsi, náð að hreyfa við fólk á djúpstæðari máta heldur en til dæmis með

orðum,“ segir Andrean.

„Mér finnst hún fara alveg inn í það, þessi einstaka litla fallega ást, og yfir í hatríð og reiðina. Af því að ástin getur verið það fallegasta, og það ljótasta, sem maður upplifir.“

Hann segir dansverkið hafa náð miklum vinsældum erlendis. „Við erum að fara að ferðast með þessa sýningu og túra rosa mikið. Það er mikil eftirspurn eftir þessu verki.“ Þar má nefna sýningarferðalag til Noregs og Spánar með vorinu.

„Ég held að Íslendingar viti ekki af því hversu vinsæll Íslenski dansflokkurinn er út á við. Við erum rosalega rík af hæfileikaríku sviðslistadansfólki. Við erum rosalega mikið alltaf í sýningarferðum.“

### Grallaraskapur í smæðinni

Aðspurður hvað það sé í íslenskum menningarjarðvegi sem þau telja að búi til góða dansara, svarar Saga:

„Að einhverju leyti er það grallaraskapur, sem er til staðar hér í listasenunni. Við erum lítið samfélag af því að við erum svo nálægt hvert öðru og óhrædd við að teygja okkur á greinar innan listarinnar, að tónlistinni og myndlistinni.“

Andreas er sammála því. „Og eins og með allt á Íslandi erum við alltaf að finna nýjar leiðir og við erum svo, svona – gráðug í að finna eitthvað nýtt.“

„Og að vera leikandi,“ svarar Saga. „Og leitandi, gagnvart listinni og forminu. En líka ógeðslega mikill metnaður af því að við erum svo litill og viljum vera best!“ ■

PIZZUR  
FYRIR  
ALLA

LÍKA  
KETÓ  
KONUR

&amp;

VEGAN  
KALLA



SPAÐINN

Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b

spadinn.is

## Suddalega gaman að fá Damon

ninarichter@frettabladid.is

Tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna voru kynntar í Hörpu í gær, en verðlaunin verða nú veitt í einhverju formi í tuttugasta og níunda sinn.

Britpopparinn heimsfrægi Damon Albarn hlýtur þar tilnefningu í flokki popplötu ársins. Flestar tilnefningar hlýtur djasstónlistarmaðurinn Tumi Árnason, og eru þær sex talsins. Rokkbandið SuperSport, rapparinn Birnir og diskósvæitin Flott hljóta hvert um sig fjórar tilnefningar.

Kristján Freyr Halldórsson, framkvæmdastjóri verðlaunanna, minnst verðlaunahátíðarinnar 2020,



Kristján Freyr Halldórsson, framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna

sem haldin var um svipað leyti og heimsfaraldurinn skall á.

„Um miðjan mars 2020 var Covid að skella á og þetta var eiginlega bara síðasta boðið. Þetta var ógleymanlegur dagur. Við vorum að fá afboðanir fram eftir degi og margt fólk sem ætlaði að afhenda verðlaun, meðal annars forseti

Íslands og menntamálaráðherra, var að afboða sig þennan dag,“ segir Kristján Freyr.

Á síðasta ári fór verðlaunahátíðin fram í beinni útsendingu frá Silfurbergi í Hörpu.


Íslensku tónlistarverðlaunin 2022 fara fram í Hörpu þann 30. mars, að viðstöddum fjölda manns, í beinni útsendingu á RÚV.

Aðspurður hvort Damon Albarn ætli að láta sjá sig á stóra kvöldinu svarar Kristján Freyr: „Ég hafði samband til að athuga hvort hann ætlaði að mæta í gær, en hann var farinn aftur út til Bretlands og er að túra. En ég mun að sjálfsögðu tékka á því, það væri náttúrulega suddalega gaman.“ ■



# AEG

## HANNAÐ MEÐ ÞARFIR HEIMILA Í HUGA



### AEG SPANHELLUBORÐ

- 4 hellur "Zone free"
- Eftirhitagaumljós
- Snertirofar
- Stop&Go gerir hlé á eldun
- Hob2Hood virkni, sjálfvirk tenging milli helluborðs og víftu

Verð: 219.900 kr



### AEG SPANHELLUBORÐ

- Eftirhitagaumljós
- Snertirofar
- Stop&Go gerir hlé á eldun
- Hob2Hood virkni, sjálfvirk tenging milli helluborðs og víftu

Verð: 139.900 kr



### AEG VEGGOFN

- Stærð: 71l
- Orkuflokkur: A+
- Kjöthitamælir
- Steam Bake fyrir brauðbakstur

Verð: 119.900 kr



### AEG VEGGOFN

- Stærð: 71l
- Orkuflokkur: A+
- Pyrolytic sjálfhreinsikerfi
- Kjöthitamælir
- Nettengjanlegur

Verð: 159.900 kr

# ORMSSON



# Hnappaegg

Hinir sívinsælu Nóa Hnappar sóma sér einstaklega vel í páskaeggjum og það er óhætt að segja að hnappaegginn okkar séu sannkallaðir hnappafengir! Við bjóðum upp á tvær ómótstæðilegar tegundir í ár, hið klassíska perluhnappaegg og frábæra nýjung sem svíkur engan, saltkaramelluhnappaegg!

Ekki missa af þessum hnappdrættisvinningum!



„Við erum að finna sjálfs-traustið okkar í íslensku matargerðinni á ný. Smá eins og að við séum að koma af gelgjunni.“ Fanney Dóra Sigurjónsdóttir og Ragnheiður Axel.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

## Að borða hákarl eða vera aumingi er búið

Fjölmiðlarisinn BBC birti á dögunum þátt frá Íslandsheimsókn vefþáttanna A Taste of a City eða Borgarbragð. Þáttarstjórnandi fer í bragðlaukaferðalag og í Reykjavíkurbættinum eldar hún lax og safnar söli og blöðruþara.

margret@frettabladid.is

A Taste of City eru matreiðsluþættir á BBC þar sem tekin eru fyrir hráefni úr heimabyggð úr ýmsum borgum heimsins. Stjórnandi þáttarins Kate Hardie-Buckley kynnir sér hráefni úr heimabyggð frá ýmsum svæðum.

Á dögunum birtist Reykjavíkurbætturinn, hvers titill er From Shame to Superfood, eða Frá skömm að ofurfæðu, og er þar átt við sölin.

### Nútímaleg matartínsla

„Ég fékk bara skilaboð á Instagram – eins og ég fæ reglulega. „Hæ, hæ, ég er með matreiðsluþátt“,“ segir matreiðslumeistarinn Fanney Dóra Sigurjónsdóttir sem leiðir matreiðsluna í þættinum, en þar er eld-áður lax með góðgæti úr fjörunni. Hún segist hafa tekið skilaboðunum með fyrirvara í fyrstu. „Ég fæ mörg svona skilaboð og tek þeim mis-hátíðlega.“

Fanney var mikið í mun að sýna ferska lúxusmatreiðslu, að hennar sögn til mótvægis við tvo sjónvarpsþætti eftir heimsfræga sjónvarps-



Þegar hann byrjaði á þessu var hann bara skrýtni þarakallinn!

Ragnheiður Axel

kokka sem íslenskt matarähuga-fólk gæti kannast við. Annars vegar þegar Gordon Ramsey gerði matarþátt um Ísland og hins vegar þegar Anthony Bourdain heimsótti land og þjóð. Þar var meðal annars fjallað um tengsl kjötsúpu og úthalds í bólinu.

„Ég vildi ekki þessa „allir borða hákarl annars ertu aumingi“-stemningu,“ segir Fanney. Fanney og Katie heimsóttu því meðal annars hið kvenrekna brugghús Lady Brewery.

Fanney starfar í dag á Hnossi í Hörpu þar sem mikið er lagt upp úr árstíðabundnum mat og íslensku hráefni. „Íslendingar hafa auðvitað sótt sér mat í náttúruna í aldir. Hreindýramosinn, fjallagrösín, hvönnin, sölin.“

Ragnheiður Axel er sú sem fer með umsjónarmanni þáttarins

á tína sól og góðgæti í fjörunni. „Pabbi og fjölskylda mín eru búin að vera að tína þara í mörg ár. Þegar hann byrjaði á þessu var hann bara skrýtni þarakallinn!“ segir Ragnheiður Axel. „Í dag erum við að selja til finna veitingahúsa eins og Noma, en kokkarnir þar ásamt Gunnari Karli á Dilli hvöttu hann áfram í þessu upp úr 2000,“ segir hún.

„Þessi tínsla og söfnun matvæla, nefnd „foraging“ á ensku, er í sókn í matarmenningunni,“ segir Ragnheiður Axel og bætir við að samskiptin við náttúruna séu svo mögnuð. „Núvitundin, að lesa í árstíðirnar og tengjast náttúrunni.“

Hún nefnir að langflestir Íslendingar eigi dásamlegar minningar úr berjamó. „Að renna saman við náttúruna og nýta hana. Þetta er svipað, það er hægt að fara í alls konar „mó“ og tína fæðu.“ Ragnheiður Axel segist hvetja fólk til að stunda matartínslu.

### Erum að komast af gelgjunni

„Auðvitað var rosalega gaman þegar basilíkan kom og oft heyri ég að hér vaxi ekkert skemmtilegt,“ segir Fanney og bætir við að það sé bara rugl. „Við erum með geggjadar kryddjurtir hér og byrjuðum aftur að líta okkur nær fyrir svona fimm til sjö árum síðan. Við erum að finna sjálfstraustið okkar í íslensku matargerðinni á ný. Smá eins og við séum að koma af gelgjunni og sættumst við upprunann.“ ■

## Afmælisganga í Geldingadali

ser@frettabladid.is

„Ég held að þetta verði einstök upplifun fyrir göngufólkið,“ segir fjallavinurinn og hjartalæknirinn Tómas Guðbjartsson sem stendur fyrir afmælisgöngu að gígnum frá Geldingadöllum á morgun, en þá verður einmitt eitt ár liðið frá því eldar teygðu sig upp úr jörðinni á Reykjanesskaga og fóru allmikinn á svæðinu um margra mánaða skeið, íslenskum og erlendum ferðamönnum til ómældrar gleði og einstakrar upplifunar.

Gangan hefst klukkan 11.00 frá björgunarsveitaraskúrnum á veginum rétt austan við Grindavík og verður farin í mestu makindum, að sögn Tómasar. „Þetta verða kannski einhverjir átta til tíu kílómetrar í hægvíðri og það er, vel að merkja, snjór yfir öllu sem gerir upplifunina



Tómas Guðbjartsson leiðsögumaður á vettvangi gossins í Geldingadöllum.

enn sterkari en oft áður, því andstæðurnar eru svo miklar á milli alls þessa hvíta yfirborðs og svo kolsvarts hraunsins sem enn nær að bræða snjóinn.“

Og hann segir sjónarspilið ekki einvörðungu bundið við þessar andstæður ólíkra líta. „Gígurinn sjálfur er augnayndi, enda óvenju-

lega mosagulur eftir brennisteinsútfellingar og einstaklega fallegur á að líta. Hann er beríð ofan á þessari afmælistertu,“ segir Tómas og á von á fjölmenni á morgun, en bendir fólki á að vera vel búið „og ekki er verra að vera með heitt á brúsa.“

Tómas sér um leiðsögnina ásamt Salóme Hallfreðsdóttur fyrir hönd Ferðafélags Íslands, en Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, og Helga Kristín Torfadóttir, doktorsnemi í sama fagi, munu ræða gosið sjálf, framvindu þess og samanburð við önnur gos á eldfjallaeyjunni.

„Og svo verður forsetinn með í för, Guðni Th. Jóhannesson,“ segir Tómas „en hann hefur komið alloft með mér upp að gosinu og er alltaf jafn áhugasamur um jarðhræringarnar á þessu svæði í bakgarði höfuðborgarinnar.“ ■



**ORKAN**

**10KR.**

**AESLATTUR**

**MED ORKULYKLI**

SÆKTU UM ORKULYKIL Á **ORKAN.IS**



## Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar  
 Guðmundsdóttur



## Fótbolti, s trið og friður

Ást fólks á íþróttafélögum fer stundum úr böndunum. Við leggjum á okkur langar setur við sjónvarpið og óskrum okkur hás við að hvetja Manchester United, Liverpool eða Bolton til dáða. Við mætum á fótboltaleiki barnanna okkar og skömmum dómarann, sem heldur aldrei með okkar liði – en gerir þó sitt besta til að dæma í stórhrið á ónýtu gervigrasi. Sem sagt, úthald okkar þegar kemur að því að halda með fótboltaliðinu okkar er takmarkalaust.

Fyrir rúmum tveimur vikum, þegar Pútín réðst með offorsi og stríðsrekstri inn í Úkraínu, fórum við að halda með Úkraínu. Bæði vegna þess að stríð Pútíns í Úkraínu er fullkomlega óréttlætlegt og vegna þess að úkraínska þjóðin gefst ekki upp gegn yfirganginum. Leiðtogi þjóðarinnar sýnir baráttuþrek sem fæst okkar hafa séð fyrr og úthald hans virðist takmarkalaust. En það vinnur enginn stríð eða fótboltaleik án stuðnings, hvort sem um er að ræða klapp-liðið á hliðarlínunni eða leiðtoga Vesturlanda á landamærum Póllands og Úkraínu.

Ög stundum þarf að gera meira en að klappa og hvetja. Íþróttaforeldrar þekkja dósasafnanir, klósettþappírssölu og jólatrjáa-förgun betur en þeir kæra sig um að muna. Við gerum það sem þarf til að litlu krúttin okkar komist í keppnisferðir – og höldum með okkar liðum í gegnum súrt og sætt, stundum aðallega súrt.

Við þurfum að sýna nýja upphaldslíðinu okkar sama stuðning, það er mikilvægast einmitt þegar leikurinn virðist tapaður. Við þröttarar vitum nefnilega að það er alltaf hægt að komast yfir í seinni hálfleik. ■

**HRAUNHAMAR**  
 FASTEIGNASALA  
 BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI  
 Sími: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

**NÝBYGGINGAR  
 Í HAFNARFIRÐI**  
 FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU  
 Í SKARDSLÍÐ OG HAMRANESI

**Serta**  
 5 STAR COLLECTION

**Betra BAK**  
 HILTON  
 REYKJAVÍK NORDICA

**FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM  
 – HEIM TIL ÞÍN –  
 LÝKUR Á LAUGARDAGINN**

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er nú á 15% afslætti í Betra Baki auk þess sem nótt á Hilton Reykjavík Nordica ásamt morgunverði fyrir tvo og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa fylgir kaupum á Serta 5 stjörnu hótelrúmi.

**CLASSICO, YORK OG LIGNE** eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta sem er þó nokkurn veginn skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Hægt er að velja um tvo stífleika allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistífl heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu á dýnunni.

**MAGNIFIQUE** rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.



SPARADU  
**97.485 kr.**  
 OG FÁÐU LÚXUS NÓTT Á  
 HILTON Í KAUPBÆTI

Ocean Splendid stillanlegt  
 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og Ocean gafi)  
 Fullt verð: 649.900 kr.

Fullt verð: 552.415 kr

CLASSICO

YORK

LIGNE

MAGNIFIQUE



**NÓTT FYRIR TVO Á HILTON**  
 Nú fylgir nótt fyrir tvo á Hilton, ásamt morgunverði og aðgangi að Spa, kaupum á Serta 5 stjörnu hótelrúmi.  
 Verðmæti: 38.900 kr.



**Hilton**  
 REYKJAVÍK NORDICA

FAXAFENI 5  
 Reykjavík  
 588 8477

DALSBRAUT 1  
 Akureyri  
 588 1100

SKEIDI 1  
 Ísafirði  
 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
 Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16  
 www.betrabak.is

**Betra**  
**BAK**